



Afbrot á höfuðborgarsvæðinu 2009

Dreifing tilkynntra brota eftir svæðum og reynsla íbúa af lögreglu, öryggi og afbrotum



Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Afbrot á höfuðborgarsvæðinu 2009

Dreifing tilkynntra brota eftir svæðum og
reynsla íbúa af lögreglu, öryggi og
afbrotum

Upplýsinga- og áætlanadeild 2010

Snorri Örn Árnason
Marta Kristín Hreiðarsdóttir
Rannveig Þórisdóttir

©2010 Höfundar

ISBN: 978-9979-9841-3-9

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósritun, ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, nema að fengnu skriflegu leyfi höfunda og útgefenda.

Útgefandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
www.lrh.is

Umsjón og ábyrgð: Upplýsinga- og áætlanadeild

Reykjavík, nóvember 2010

Inngangur lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að fylgjast náið með þróun og dreifingu afbrota á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt er vel fylgst með viðhorfi og reynslu íbúa af lögreglu og öryggistilfinningu þeirra. Ástæðan fyrir því er einföld; embættið hefur markað sér skýra stefnu um að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dvelja á höfuðborgarsvæðinu. Í þessari fjórðu skýrslu embættisins um afbrot á höfuðborgarsvæðinu er rýnt í stöðu mála á árinu 2009. Árið var mjög viðburðaríkt hjá lögreglu og ekki einungis þegar horft er til þróunar afbrota. Innbrotum fjölgaði mikið á árinu og voru upplýsingar lögreglu til dæmis um dreifingu brota eftir svæðum, um aðferða-fræði og grunaða einstaklinga meðal annars notaðar til þess að skipuleggja eftirlit og aðgerðir lögreglu til að takast á við þann vanda. Þær aðgerðir fóru að bera árangur á síðari hluta ársins 2009 eins og sjá má í þessari skýrslu.



Það yfirgripsmikla verkefni að fylgjast stöðugt með og greina nákvæmlega stöðu og þróun mála á sviði afbrota á höfuðborgarsvæðinu er grundvallaratriði fyrir lögregluna. Að öðrum kosti getur hún ekki skipulagt störf sín og verkefni, forgangsraðað verkefnum eða brugðist skjótt við þegar mál fara á þróast með neikvæðum hætti í einstaka sveitarfélögum eða hverfum innan þeirra. Einnig eru upplýsingar um samsetningu íbúa, aldursdreifingu, fjárhagslega- og félagslega stöðu þeirra mikilvægar lögreglu í sama tilgangi.

Nóvember 2010

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

Efnisyfirlit

HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	8
INNGANGUR.....	12
AÐFERÐIR OG GÖGN	13
RANNSÓKN Á VIÐHORFUM TIL LÖGREGLU OG REYNSLU AF AFBROTUM.....	14
AFBROT Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU	15
HEILDARFJÖLDI BROTA.....	16
AUGUNARBROT	18
KYNFERÐISBROT.....	21
OFBELDISBROT	22
EIGNASPJÖLL OG NYTJASTULDIR.....	23
FÍKNIEFNABROT	24
KÆRÐIR Í AFBROTUM	27
AFBROT EFTIR SVÆÐUM	33
LÖGREGLUSTÖÐ 1: HLÍÐAR - LAUGARDALUR - HÁALEITI.....	37
- HLÍÐAR.....	38
- LAUGARDALUR.....	39
- HÁALEITI.....	40
LÖGREGLUSTÖÐ 2: HAFNARFJÖRÐUR - GARÐABÆR - ÁLFTANES.....	41
- HAFNARFJÖRÐUR	42
- GARÐABÆR	43
- ÁLFTANES	44
LÖGREGLUSTÖÐ 3: KÓPAVOGUR - BREIÐHOLT	45
- KÓPAVOGUR	46
- BREIÐHOLT	47
LÖGREGLUSTÖÐ 4: MOSFELLSBÆR - ÁRBÆR - GRAFARVOGUR - GRAFARHOLT - NORÐLINGAHOLT - KJALARNES - KJÓS.....	48
- ÁRBÆR, GRAFARHOLT OG NORÐLINGAHOLT	49
- GRAFARVOGUR.....	50
- MOSFELLSBÆR – KJALARNES – KJÓS	51
LÖGREGLUSTÖÐ 5: VESTURBÆR - MIÐBORG - SELTJARNARNES.....	53
- MIÐBORG.....	54
- VESTURBÆR.....	55

- SELTJARNARNES.....	56
REYNSLA ÍBÚA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS AF LÖGREGLU OG AFBROTUM.....	57
VIÐHORF TIL STARFA LÖGREGLU OG AÐGENGI AÐ HENNI.....	57
HVAÐA BROT TELUR ÞÚ VERA MESTA VANDAMÁLID Í ÞÍNU HVERFI?	63
ÓTTI VIÐ AFBROT.....	65
REYNSLA AF AFBROTUM.....	73
SAMANBURÐUR MILLI SVÆÐA	80
OFBELDISBROT	82
FÍKNIEFNABROT	84
INNBROT	86
EIGNASPJÖLL.....	88
NYTJASTULDUR.....	90
KYNFERÐISBROT.....	92
SAMANTEKT.....	94
VIÐAUKI.....	97
EFNAHAGSSTAÐA	97
ÍBÚAFJÖLDI OG ALDURSSAMSETNING.....	99
AFBROT Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.....	106

Helstu niðurstöður

Í þessari skýrslu eru skoðaðar ólíkar upplýsingar um afbrot á höfuðborgarsvæðinu, viðhorf íbúa til lögreglu og mat þeirra á eigin öryggi. Annars vegar byggir skýrslan á opinberum gögnum um fjölda afbrota eftir svæðum á árunum 2007 til 2009, íbúafjölda, tekjum og fjárhagslegum stuðningi. Hins vegar er byggt á niðurstöðum spurningalistakönnunar sem gerð var meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins á vormánuðum 2010 þar sem spurt var um reynslu af afbrotum, viðhorf til lögreglu og mat á eigin öryggi. Hér eru helstu niðurstöður skýrslunnar dregnar saman.

- Hegningarlagabrot voru 11.679 á höfuðborgarsvæðinu árið 2009 sem er fjölgun um 19 prósent sé litið til meðaltals áranna 2006-2008.
- Fjölgun hegningarlagabrota árið 2009 markast af því að tilkynnt var um tæplega 47 prósent fleiri þjófnaði til lögreglu en að meðaltali árin 2006-2008. Innbrot voru þar fyrirferðarmikil en þeim fjölgaði um 45 prósent árið 2009 og voru 2.883. Það jafngildir því að átta innbrot hafi verið framin á degi hverjum árið 2009 samanborið við fimm árið 2007.
- Tilkynnt var um 683 ofbeldisbrot árið 2009 og fækkar þeim annað árið í röð. Minniháttar líkamsárásir (217. gr. alm. hgl.) voru næstum fjórðungi færri árið 2009 en að meðaltali árin 2006-2008.
- Tilkynningum um kynferðisbrot fækkaði einnig annað árið í röð en sé litið til meðalfjölda brotanna árin 2006-2008 er fjöldinn sá sami árið 2009. Tilkynningum um nauðganir fjölgaði úr 49 í 71 á milli ára, en á sama tíma fækkaði brotum gegn börnum nokkuð. Alls voru skráð 179 kynferðisbrot á höfuðborgarsvæðinu árið 2009.
- Tilkynnt var um 1.994 eignaspjöll árið 2009 sem er nánast sami fjöldi og árið á undan. Minniháttar skemmdarverk eins og rúðubrot, veggjakrot og þess háttar eru þar lang algengust. Á meðan rúðubrotum fjölgaði, þá fækkaði tilkynningum um veggjakrot.

- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu skráði 806 fíkniefnabrot árið 2009 og fækkar þeim verulega annað árið í röð. Langmestur fjöldi þessara brota er varsla eða meðferð ávana- og fíkniefna, en þeim brotum hefur fækkað um meira en helming frá árinu 2007. Eins fækkaði brotum vegna sölu og dreifingar fíkniefna á milli ára. Á móti kemur að fjöldi brota sem eru stærri í vöfum og varða framleiðslu fíkniefna hefur margfaldast á síðustu árum.
- Árið 2009 voru 3.055 einstaklingar kærðir fyrir hegningarlaga brot en árið á undan voru þeir 3.448 talsins. Það jafngildir 1,5 prósentum af íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu. Þrír af hverjum fjórum hinna kærðu voru karlar. Aldurshópurinn 15 til 30 ára átti tvö af hverjum þremur allra kærðra hegningarlaga brota árið 2009.
- Lögreglustöðvar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu skiptast niður á fimm svæði. Flest hegningarlaga brot áttu sér stað á svæði lögreglustöðvar 5, eða 2.864, en innan þess svæðis eru Miðborg, Vesturbær og Seltjarnarnes. Fæst brot áttu sér hins vegar stað á svæði lögreglustöðvar 2 sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes, eða 1.424 brot.
- Mun fleiri hegningarlaga brot áttu sér stað í Miðborg en á öðrum svæðum höfuðborgarsvæðisins árið 2009 eða 2.096. Hegningarlaga brotum fjölgaði á öllum svæðum höfuðborgarsvæðisins sé litið til meðaltals áranna 2006-2008 að Seltjarnarnesi undanskildu.
- Í Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Kjalarnesi, Kjós, Grafarholti og Norðlingaholti var fjöldi innbrota ríflega tvöfalt meiri árið 2009 en að meðaltali árin 2006-2008.
- Fjöldi ofbeldisbrota í Vesturbæ, Hlíðum og Breiðholti dróst saman um ríflega 40 prósent á sama tímabili.

Spurningakönnun var lögð fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins vorið 2010 þar sem spurt var um viðhorf til starfa lögreglu, reynslu af afbrotum og öryggisfinningu. Helstu niðurstöður könnunarinnar verða reifaðar hér í samanburði við fyrri ár, en þetta er fjórða árið í röð sem þessi könnun er framkvæmd.

- Tæplega 91 prósent þátttakenda taldi lögreglu almennt skila góðu starfi í sínu hverfi við að stemma stigu við afbrotum líkt og í síðustu könnun.
- Rúmlega 69 prósent þeirra sem tóku afstöðu töldu lögregluna aðgengilega í sínu hverfi/svæði sem er fimm prósentustiga fækkun frá síðustu könnun.
- Spurt var hvaða afbrot þátttakendur teldu mesta vandamálið í sínu hverfi. Um 60 prósent svarenda nefndu innbrot sem er fjórum prósentustigum meira en í síðustu könnun. Ríflega 16 prósent nefndu umferðarlagabrot líkt og í síðustu könnun og rúm níu prósent eignaspjöll eða tveimur prósentustigum fleiri en árið 2009. Mun færri nefndu fíkniefnaneyslu samanborið við fyrri kannanir eða um þrjú prósent.
- Mikill meirihluti þátttakenda, eða yfir 90 prósent, sagðist mjög eða frekar öruggur einn á gangi að næturlagi í sínu hverfi. Ívið fleiri telja sig örugga nú samanborið við síðustu könnun.
- Þeim þátttakendum sem sögðust mjög eða frekar óöruggir væru þeir einir á gangi í miðborg Reykjavíkur fækkaði lítillega frá fyrri könnunum.
- Um 57 prósent þátttakenda sögðust aldrei hafa verið í þannig aðstæðum að þeir hefðu talið líkur á að þeir yrðu fyrir afbroti árið 2009. Það er nálægt sex prósentustigum færri en svöruðu þannig árið áður. Af þeim 43 prósentum sem sögðust einhvern tímann hafa verið í þannig aðstæðum nefndi meira en 60 prósent að þeir hafi óttast mest að verða fyrir innbroti.

- Innan við fjórðungur þátttakenda sagðist hafa orðið fyrir innbroti/þjófnaði, ofbeldi eða eignaspjöllum árið 2009. Flestir höfðu orðið fyrir eignaskemmdum eða rúm 15 prósent þátttakenda.
- Tæplega 70 prósent þeirra sem höfðu orðið fyrir innbroti eða þjófnaði sögðust hafa tilkynnt það til lögreglu en tæplega 42 prósent þeirra sem urðu fyrir eignaskemmdum. Tæplega 48 prósent þeirra sem urðu fyrir ofbeldisbroti sögðust hafa tilkynnt það til lögreglu og er það hæsta hlutfall tilkynninga sem mælst hefur frá því þessi rannsókn hófst.
- Í heildina hafði ríflega þriðjungur þátttakenda samskipti við lögregluna af einhverjum ástæðum á síðustu 12 mánuðum.



Inngangur

Í þessari skýrslu er fjallað um tíðni afbrota á höfuðborgarsvæðinu árið 2009 og einnig um niðurstöður könnunar á viðhorfi íbúa höfuðborgarinnar til lögreglu, reynslu af afbrotum og öryggistilfinningu þeirra. Þetta er fjórða skýrslan af þessari tegund sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gefur út. Markmiðið með henni er m.a. að halda árlega skrá yfir afbrot á höfuðborgarsvæðinu, mæla þróun í afbrotatíðni milli ára, gera samanburð eftir svæðum og tengja umfjöllunina við lýðfræðilegar upplýsingar og niðurstöður könnunar um upplifun íbúa af afbrotum.

Fyrri skýrslur hafa leitt í ljós að sterk tengsl eru á milli dreifingar afbrota og íbúafjölda á svæðum höfuðborgarsvæðisins, að Miðborg frátalinni. Miðborgin var jafnframt það hverfi sem skar sig úr hvað varðar tíðni brota, því hærra hlutfall hegningarlaga brota á sér stað þar en annarsstaðar á höfuðborgarsvæðinu. Einnig hafa komið fram tengsl milli meðalatvinnutekna og félagslegrar aðstoðar annarsvegar og tíðni afbrota hinsvegar. Þá komu fram tengsl á milli fjölda hegningarlaga brota í hverju hverfi fyrir sig og fjölda þeirra sem segjast mjög óöruggir þar.

Í þessari skýrslu eru skoðuð brot eftir vettvangi í nokkrum brotaflokkum innan umdæmis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2009 með samanburð við árin á undan og viðhorf og reynslu íbúa umdæmisins af afbrotum. Í fyrsta hluta skýrslunnar er fjallað um þróun í helstu brotaflokkum á höfuðborgarsvæðinu í heild. Í öðrum hluta skýrslunnar er fjallað um fjölda kærðra og skiptingu þeirra út frá kyni og aldri. Í þriðja hluta skýrslunnar er fjallað um afbrot m.t.t. félagslegrar stöðu og íbúafjölda innan hvers svæðis. Í fjórða hluta er fjallað um niðurstöður rannsóknar á viðhorfum og reynslu íbúa höfuðborgarsvæðisins af afbrotum. Skoðaðar eru niðurstöður úr hverri spurningu fyrir sig og viðhorf eftir kyni, aldri og búsetu. Í fjórða hluta skýrslunnar eru afbrot borin saman milli hverfa með tilliti til íbúafjölda. Í samantekt eru niðurstöður skýrslunnar dregnar saman og leitast við að meta stöðu afbrota á höfuðborgarsvæðinu út frá þessum tveimur gagnasöfnum.

Aðferðir og gögn

Gögnin sem hér eru notuð byggja á tvenns konar upplýsingum. Annars vegar er um að ræða upplýsingar úr gagnagrunnum lögreglu (LÖKE) sem varða þau brot sem lögreglan hefur upplýsingar um og hins vegar niðurstöður úr spurningalistakönnun sem veitir innsýn í viðhorf og reynslu íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Í upplýsingum úr gagnagrunni lögreglu (LÖKE) eru talin öll þau brot sem tilkynnt eru til lögreglunnar á ákveðnu tímabili og allir þeir sem grunaðir eru um þessi brot. Gögnin miða við stöðu mála 2. til 4. maí 2010 og voru dregin út þau brot sem áttu sér stað árið 2009 og voru skráð hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Tölur fyrir fyrri ár byggja á sömu forsendu og eru því vel samanburðarhæf

Þegar hlutfall brota innan hverfa/svæða er reiknað er það gert út frá heildarfjölda brota hvort sem brotastaður er þekktur eða ekki. Yfirleitt er vettvangur brota þekktur en einungis í litlum hluta skráðra brota er ekki vitað um brotastað. Þegar tíðni brota eftir vettvangi er skoðuð er í öllum tilvikum um að ræða tíðni brota út frá vettvangi brotanna en ekki búsetu brotamanna.

Við túlkun á niðurstöðum þarf að hafa ýmsa fyrirvara í huga, svo sem hvað varðar skekkju í skráningu. Margir aðilar annast skráningu í LÖKE og því er hætt við að skráning sé ekki alltaf eins. Einnig þarf að hafa það í huga að í LÖKE eru eingöngu upplýsingar um brot sem tilkynnt hafa verið til lögreglu eða lögregla fengið upplýsingar um með öðrum hætti. Þannig er ekki um að ræða tæmandi lista yfir öll brot sem framin eru á höfuðborgarsvæðinu. Loks ber að taka fram að tölur fyrir árið 2006 voru teknar úr skýrslunni sem var gefin út árið 2007, en þar voru brotaflokkar ekki sundurgreindir líkt og gert er hér í kaflanum um afbrot á höfuðborgarsvæðinu. Tölur fyrir frekari greiningu á brotaflokkum fyrir árið 2006 voru því teknar úr gagnagrunni lögreglu mun síðar og skýrir það skekkjur sem kunna að vera á samtölum. Þá ber að hafa í huga að við útreikninga á meðalfjölda brota er miðað við einn aukastaf og er hver tala námunduð að næstu heilu tölu. Vegna þessa getur verið örlítið misræmi í birtri samtölu og summu einstakra talna. Eins geta áhrif af aukastöfum í

útreikningum á hlutfallstölum leitt til þess að samtalan er ekki alltaf 100 prósent.

Til að tákna breytingar á fjölda brota eru notaðir litir sem gefa til kynna hver þróunin er í ljósi markmiða embættisins um fimm prósentu fækkun brota á ári hverju. Fjöldi brota er borinn saman við meðaltal þriggja ára tímabils á undan. **Blár** litur táknar að markmiðunum hefur verið náð, þ.e. brotum fækkar um fimm prósent eða meira, **grænn** táknar að innan við fimm prósentu fækkun brota hefur átt sér stað og **rauður** táknar að brotum hefur fjölgað.

Gögn um mannfjölda á höfuðborgarsvæðinu árið 2009 byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands og er íbúafjöldi miðaður við árslok ár hvert. Upplýsingar um meðalatvinnutekjur eru einnig fengnar frá Hagstofu Íslands og byggja á upplýsingum úr skattframtölum einstaklinga vegna tekna árið 2009. Meðalatvinnutekjur eru beinar skattskyldar launatekjur fyrir vinnuframlag í aðalstarfi auk dagpeninga, ökutækjastyrks og annarra hlunninda. Yngri en 12 ára teljast ekki hafa atvinnutekjur.

Gögn um fjárhagslega og félagslega aðstoð og fjölda félagslegra íbúða voru fengin frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og starfsmönnum félagsþjónustu sveitarfélaganna.

Rannsókn á viðhorfum til lögreglu og reynslu af afbrotum

Spurningalistakönnunin var í formi símaviðtala sem fóru fram dagana 4. maí til 4. júní 2010, en Capacent Gallup annaðist gagnaöflun. Úrtak var valið með tilviljunaraðferð úr þjóðskrá íbúa á höfuðborgarsvæðinu 18 til 75 ára. Um 2.100 einstaklingar voru í endanlegu úrtaki en af þeim tóku 1.096 þátt í könnuninni, svarhlutfall var því um 52 prósent. Þetta svarhlutfall er mun lægra en í fyrri könnunum.

Leitast var við að fá upplýsingar um viðhorf þátttakenda til lögreglu, ótta við afbrot og reynslu þátttakenda af innbrotum, eignaspjöllum og ofbeldi á síðustu 12 mánuðum og hvort brotin voru tilkynnt til lögreglunnar.

Afbrot á höfuðborgarsvæðinu

Íbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu fór yfir 200 þúsund við árslok 2008 og hefur haldist yfir 200 þúsund á árinu 2009, þó svo íbúum á svæðinu hafi fækkað lítillega (tafla 1). Reyndar varð fólksfækkun á landinu öllu árið 2009 í fyrsta sinn frá lokum 19. aldar. Á árinu 2009 bjuggu tæplega 38 prósent landsmanna í Reykjavík, en samtals rúmlega 63 prósent á höfuðborgarsvæðinu. Af nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur var Kópavogur fjölmennastur og fjölgaði íbúum þar á milli ára. Sama er að segja um íbúa Garðabæjar, Mosfellsbæjar og fleiri svæða. Íbúum fækkaði hins vegar í Reykjavík (hlutfallslega mest í Breiðholti, Grafarvogi og Laugardal) og á Seltjarnarnesi. Kjósarhreppur var hins vegar fámennasta sveitarfélagið árið 2009 með 197 íbúa (tafla 1).

Tafla 1. Fjöldi íbúa á höfuðborgarsvæðinu 2008 og 2009 greint eftir svæðum.


	Meðaltal	Fjöldi		% af heild	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009	'09	Fjöldi	%
Vesturbær	16.187	16.406	16.327	8,1	140	0,9
Miðborg	8.260	8.433	8.349	4,2	89	1,1
Hlíðar	11.039	11.205	11.041	5,5	2	0,0
Laugardalur	13.361	13.464	13.279	6,6	-82	-0,6
Háaleiti	13.768	13.912	13.811	6,9	43	0,3
Árbær - Grafar- og						
Norðlingaholt	14.953	15.593	15.700	7,8	747	5,0
Breiðholt	20.953	21.155	20.704	10,3	-249	-1,2
Grafarvogur	18.176	18.133	17.977	9,0	-199	-1,1
Mosfellsbær -						
Kjalarnes - Kjós	9.158	9.481	9.571	4,8	413	4,5
Kópavogur	28.722	29.976	30.357	15,1	1.635	5,7
Seltjarnarnes	4.440	4.403	4.395	2,2	-45	-1,0
Garðabær	9.948	10.358	10.643	5,3	695	7,0
Hafnarfjörður	24.832	25.850	25.913	12,9	1.081	4,4
Álftanes	2.389	2.518	2.523	1,3	134	5,6
Samtals	196.185	200.887	200.590	100,0	4.405	2,2

Helstu breytingar á aldurssamsetningu íbúa höfuðborgarsvæðisins milli ára eru þær að ungum og öldnum fjölgar hlutfallslega miðað við meðaltal áranna á undan þ.e. 17 ára og yngri og svo 51 árs og eldri. Í öðrum aldurshópum verður fækkun frá árinu 2008 en ekki ef miðað er við meðaltal þriggja ára þar á undan (tafla v1 í viðauka). Því virðist sem

fækkunina megi að einhverju leyti rekja til hreyfanleika vinnuaflsins þ.e. að vegna kreppunnar flytji fólk á vinnualdri (18-50 ára) frekar frá landinu en fólk á öðrum aldri. Meðalaldur íbúa höfuðborgarsvæðisins árið 2009 var 36,4 ár.

Heildarfjöldi brota


Á mynd 1 má sjá heildarfjölda brota eftir tegundum þeirra. Fram kemur að hegningarlagabrotum hefur fjölgað nokkuð síðustu ár. Ef árið 2009 er borið saman við meðaltal árána 2006-2008 hefur hegningarlagabrotum fjölgað um tæplega 19 prósent. Á sama tíma fækkar sérrefsilagabrotum (öðrum brotum en umferðarlagabrotum) hins vegar töluvert eða um rúmlega 38 prósent árið 2009 miðað við meðaltal árána 2006-2008. Fækkun fíkniefnabrota skýrir að miklu leyti þessa fækkun sérrefsilagabrota. Umferðarlagabrotum fækkaði einnig árið 2009 miðað við meðaltal árána þriggja þar á undan. Fækkunin nemur 12 prósentum.



Mynd 1. Fjöldi brota 2006-2009 eftir tegund brots.

Á mynd 2 má sjá hvernig fjöldi brota í tilteknum brotaflokkum hefur þróast síðustu þrjú árin. Athygli vekur að auðgunarbrotum heldur áfram að

fjölga árið 2009 samanborið við fyrri ár. Árið 2009 voru tilkynnt til lögreglu tæplega 40 prósentum fleiri auðgunarbrot en að meðaltali árin 2006-2008 (tafla v21 í viðauka). Fjölgunina má að miklu leyti rekja til fjölgunar innbrota en þau voru ríflega þriðjungur auðgunarbrota (37,5%) árið 2009. Þá hefur þjófnuðum einnig fjölgað umtalsvert og eru þeir meira en helmingur allra auðgunarbrota. Tilkynningum um nytjastuldi fjölgaði einnig frá því í fyrra eftir að hafa fækkað umtalsvert þrjú ár þar á undan. Fíkniefnabrot voru færri þriðja árið í röð og hefur þeim fækkað um þriðjung miðað við meðaltal árána 2006-2008. Sömu sögu má segja um ofbeldisbrot, þeim fækkaði árið 2009 og eru nú um 20 prósentum færri en þau voru árin þar á undan. Þá fækkaði eignaspjöllum lítillega á milli ára. Eftir mikla fjölgun kynferðisbrota árið 2007 hefur þeim aftur fækkað síðustu tvö árin en eru þó enn mun fleiri en árið 2006 (tafla v21 í viðauka).




Mynd 2. Fjöldi brota á höfuðborgarsvæðinu 2007-2009.

Auðgunarbrot

Auðgunarbrot er sá brotaflokkur hegningarlaganna sem er lang fyrirferðarmestur. Undir þennan flokk falla mörg af þeim brotum sem framin eru til fjárhagslegs ávinnings.

Tilkynningar um auðgunarbrot voru 7.701 árið 2009 eða tæplega 40 prósentum fleiri en að meðaltali árin 2006-2008 (tafla v22 í viðauka). Það jafngildir því að á árinu 2009 hafi verið tilkynnt um 642 auðgunarbrot í hverjum mánuði, eða um 21 brot daglega. Í raun mætti segja að tilkynningum um auðgunarbrot hafi fjölgað um þrjár á dag árið 2009 samanborið við árið á undan.




Mynd 3. Fjöldi auðgunarbrot á höfuðborgarsvæðinu 2007-2009.

Þjófnaðir voru algengastir auðgunarbrot eða yfir helmingur þeirra. Árið 2009 fjölgaði tilkynningum um þjófnaði til lögreglunnar á

höfuðborgarsvæðinu um tæpan fimmtung frá árinu á undan (mynd 3) og um tæplega helming borið saman við meðaltal áranna 2006-2008 (tafla v22 í viðauka). Tilkynntum innbrotum fjölgaði um tæpan þriðjung en fjölgunin er tæp 45 prósent ef miðað er við meðaltal síðustu þriggja ára. Það þýðir að á árinu 2009 hafa verið framin að meðaltali 240 innbrot í hverjum mánuði, eða 8 innbrot dag hvern. Þessu til samanburðar má nefna að árið 2007 voru að jafnaði framin fimm innbrot á dag og sex árið 2008.

Fjársvikum og fjárdráttum fækkaði árið 2009 miðað við árið á undan og í samanburði við meðaltal þriggja síðustu ára (tafla v22 í viðauka). Hylmingum fækkaði einnig árið 2009 miðað við fyrra ár en ekki ef miðað er við meðaltal síðustu þriggja ára.


Tilkynnt var um 53 rán til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2009 og fjölgaði þeim um rúm 28 prósent miðað við fjölda brota árin á undan. Gripdeildum fjölgaði sömuleiðis og voru þær um fimmtungi fleiri en að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.



Mynd 4. Þróun á fjölda þjófnaða og innbrota eftir mánuðum árið 2009.

Athyglisvert er að skoða þróun þjófnaða og innbrota árið 2009 eftir mánuðum, en stígandi var í tilkynningum um þjófnaði frá upphafi árs með áberandi uppsveiflu í júní. Eftir það fór þjófnum fækkandi til ársloka, fyrir utan smá uppsveiflu í nóvember. Fjöldi innbrota hélst hinsvegar

nokkuð jafn fram yfir mitt ár, en í september fór innbrotum að fækka og hélst sú þróun út árið (mynd 4).



Mynd 5. Hlutfallsleg dreifing innbrota eftir vettvangi árið 2009.


Árið 2009 áttu rúm 30 prósent innbrota sér stað í íbúðarhúsnæði og jafn hátt hlutfall í ökutæki. Rúm 16 prósent innbrota voru í fyrirtæki en tæp níu prósent í verslanir og rúm sjö prósent í stofnanir (mynd 5).



Kynferðisbrot

Árið 2009 fækkaði tilkynningum um kynferðisbrot lítillega miðað við árið á undan og er fjöldi þeirra þetta ár sá sami og að meðaltali síðustu þrjú ár á undan (tafla v23 í viðauka).


Tilkynningum um klám/barnklám fækkaði um helming og tilkynningum um kynferðisbrot gegn börnum fækkaði einnig töluvert. Hinsvegar fjölgaði tilkynningum um nauðganir - þvinganir (194. og 195. gr. alm. hgl.) um tæp 16 prósent og vegna nauðgunar - misneytingar (196.-199. gr. alm. hgl.) um rúm 13 prósent miðað við meðaltal árána 2006-2008. Tilkynnt vændisbrot voru sjö árið 2009 sem eru nokkuð fleiri brot en að meðaltali árin þrjú þar á undan en þá var meðalfjöldi brota á ári fjögur. Þar sem tiltölulega fá brot eru að baki hverjum brotaflokki í kynferðisbrotum, getur hvert brot haft hlutfallslega mikil áhrif á fjölgun/fækkun á milli ára. Með tilliti til þess ber því að túlka hlutfallslegar breytingar á fjölda á milli ára varlega í þessum brotaflokki.



Mynd 6. Fjöldi kynferðisbrota á höfuðborgarsvæðinu 2007-2009.

Ofbeldisbrot

Eftir nokkuð stöðuga fjölgun ofbeldisbrota síðustu ár fór þeim að fækka árið 2008 og hélt sú þróun áfram árið 2009. Þar munar mest um verulega fækkun minniháttar líkamsárása (217. gr. alm. hgl.) sem fækkar um 15 prósent á milli ára. Meiriháttar eða stórfelldar líkamsárásir (218. gr. alm. hgl.) voru nokkuð fleiri árið 2009 en árið 2008 en fjöldi þeirra er engu að síður svipaður og meðaltal áranna 2006-2008 (tafla v24 í viðauka). Eitt manndráp átti sér stað innan umdæmis lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2009 og því til viðbótar voru skráðar þrjár tilraunir til manndráps (mynd 7).




Mynd 7. Fjöldi ofbeldisbrota á höfuðborgarsvæðinu 2007-2009.



Eignaspjöll og nytjastuldir

Árið 2009 var tilkynnt um tæplega 2.000 minniháttar eignaspjöll til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og fækkar þeim lítilega frá 2008 (mynd 8). Á heildina hefur eignaspjölum fækkað miðað við meðaltal árunna 2006-2008, bæði minniháttar og meiriháttar skemmdarverkum. Veggjakroti hefur fækkað mjög frá 2007 þegar sprenging varð í fjölda slíkra mála hjá lögreglu. Næstum helmingi fækkun hefur orðið á tilkynningum til lögreglu um veggjakrot árið 2009 borið saman við meðaltal þriggja ára þar á undan. Hins vegar fjölgaði rúðubrotum töluvert frá fyrra ári þó svo að fjölgunin mælist aðeins um fjögur prósent sé árið borið saman við meðaltal árunna 2006-2008 (tafla v25 í viðauka).




Mynd 8. Fjöldi eignaspjalla á höfuðborgarsvæðinu 2007-2009.

Nytjastuldum fjölgaði umtalsvert árið 2009 í samanburði við árið þar á undan en það ár var fjöldi nytjastulda óvenju lítill. Í samanburði við meðaltal árunna 2006-2008 fjölgaði nytjastuldum um tæplega fimmtung.

Fíkniefnabrot

Árið 2009 fækkaði fíkniefnabrotum sem skráð eru hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu annað árið í röð. Fækkunin nam rúmum 11 prósentum það árið og hefur fíkniefnabrotum fækkað um tæpan þriðjung sé miðað við meðaltal brota árin 2006-2008 (tafla v26 í viðauka).

Mestu munar um fækkun á brotum á lögum um vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna en þeim fækkaði um tæp 30 prósent frá árinu á undan. Sömuleiðis fækkaði brotum á lögum um sölu og dreifingu fíkniefna um rúm 30 prósent á sama tíma en fjöldi slíkra brota er almennt mun minni. Þess vegna hefur þessi fækkun hlutfallslega ekki jafn mikil áhrif á heildartölur. Hinsvegar fjölgaði brotum vegna framleiðslu fíkniefna verulega. Þannig voru 156 brot skráð árið 2009 en höfðu verið 23 að meðaltali á árunum 2006-2008. Brotum tengd innflutningi á fíkniefnum fjölgaði einnig árið 2009 miðað við árið á undan og hefur slíkum brotum fjölgað um rúman fimmtung miðað við þrjú undangengin ár. Öðrum fíkniefnabrotum fækkar á milli ára.



Mynd 9. Fjöldi fíkniefnabrota á höfuðborgarsvæðinu 2007-2009.

Með minnkandi fjármagni til löggæslu hefur verið farið í ýmsar hagræðingaraðgerðir innan lögreglunnar. Í fíkniefnamálum var sú stefnumarkandi ákvörðun tekin að forgangsraða löggæslu á þann veg að mest áhersla væri lögð á að koma í veg fyrir innflutning og framleiðslu á


fíkniefnum. Þannig væri best hægt að draga úr framboði fíkniefna og sporna við dreifingu og sölu þeirra. Minni áhersla hefur því verið lögð á mál sem tengjast vörslu og neyslu fíkniefna. Þetta skilar sér í að fíkniefnamálum fer fækkandi en að sama skapi eykst magn þeirra efna sem lagt er hald á.

Tafla 2. Magn fíkniefna sem lögregla og tollur á höfuðborgarsvæðinu lögðu hald á árin 2006-2009.

	2006	2007	2008	2009
Hass (g)	23.585	5.875	41.560	25.290
Maríhúana (g)	3.542	3.304	4.568	54.388
Tóbaksblandað (g)	282	333	185	104
Amfetamín (g)	23.249	26.333	5.200	66.418
Amfetamín (stk)	179	4	8	0
Metamfetamín (g)	1	3	15	2
Metamfetamín (stk)	0	0	0	5.995
Ecstasy (g)	78	14.047	68	5
Ecstasy (stk)	1.492	2.542	3.703	9.653
Kókaín (g)	9.074	823	3.471	4.764
Heróín (g)	0	12	0	0
LSD (stk)	95	699	364	6

Þetta sést vel á töflu 2 sem sýnir magn þeirra fíkniefna sem lögregla og tollgæsla lögðu hald á á árunum 2006 til 2009. Árið 2009 voru haldlögð yfir 66 kíló af amfetamíni eða meira magn en samanlögð fjögur síðustu ár á undan. Lagt var hald á ríflega 54 kíló af maríhúana sem er margfalt meira magn en árin á undan. Þá voru tekin um 25 kíló af hassi sem er nokkuð svipað magn og lagt hefur verið hald á að meðaltali síðustu þrjú ár á undan. Einnig var lagt hald á hátt í 10 þúsund stykki af ecstasy töflum og tæplega fimm kíló af kókaíni (tafla 2).

Afbrot á höfuðborgarsvæðinu




Mynd 10. Fjöldi haldlagninga eftir tegund efna 2000-2009.

Þegar fjöldi haldlagninga er skoðaður sést að þeim fækkaði almennt frá árinu 2007 í takt við breyttar áherslur lögreglu í fíkniefnamálum. Þessi fækkun kemur sérstaklega skýrt fram í fjölda haldlagninga á amfetamíni, sem kom lang oftast við sögu árið 2007. Sömu sögu er að segja af hassi sem var lang oftast haldlagt af öllum efnum árið 2000, en kom mun sjaldnar í hendur lögreglu árið 2009. Á móti sést að maríhúana hefur í vaxandi mæli verið haldlagt, en árið 2009 var oftast lagt hald á það efni en nokkurt annað. Eins hefur fjölgað haldlagningum á kókaíni á síðustu árum.




Kærðir í afbrotum

Árið 2009 voru ívið færri kærðir fyrir hegningarlagabrot en árið á undan eða 3.055 einstaklingar samanborið við 3.448 einstaklinga árið áður. Að vanda voru karlar mun fleiri en konur meðal hinna kærðu. Þó vekur athygli að hlutfall kvenna af kærðum fyrir hegningarlagabrot fór úr rúmlega 19 prósentum árið 2007 í tæplega 25 prósent kærðra árið 2009 (mynd 11).




Mynd 11. Fjöldi kærðra fyrir hegningarlagabrot á höfuðborgarsvæðinu 2007 til 2009, greint eftir kyni.

Þegar fjöldi kærðra í umferðarlagabrotum og öðrum sérrefsilagabrotum árið 2009 er skoðaður má sjá að mun fleiri karlar en konur eru kærð í öllum þessum flokkum. Þó er munurinn minnstur í fjölda kærðra fyrir umferðarlagabrot en þar eru konur um 31 prósent kærðra. Eins og áður segir eru konur um 25 prósent kærðra í hegningarlagabrotum en eingöngu um 14 prósent kærðra í öðrum sérrefsilagabrotum (mynd 12).



Mynd 12. Fjöldi kærðra á höfuðborgarsvæðinu 2009 eftir tegund brots og kyni.

Einnig kemur fram nokkur munur á aldri kærðra þegar hegningarlagabrot eru skoðuð annars vegar og sérrefsilagabrot hins vegar (mynd 13). Þannig er alursdreifing kærðra í umferðarlagabrotum mun meiri en þegar t.d. hegningarlagabrot eru skoðuð þar sem hlutfallslega flestir kærðra eru yngri en 25 ára (mynd 13).



Mynd 13. Hlutfallsleg alursdreifing kærðra í hegningarlagabrotum 2007 til 2009.

Þetta sést enn betur á töflu 3 sem sýnir fjölda kærðra árið 2009 eftir aldri og tegund brots og hlutfall kærðra af heildarfjölda íbúa. Fram kemur að 1,5 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu voru kærðir einu sinni eða oftar fyrir hegningarlaga brot árið 2009. Þetta hlutfall var hæst meðal íbúa 15 til 20 ára eða rúmlega fimm prósent en mun lægra meðal annarra aldurshópa. Mun færri voru kærðir fyrir sérrefsilaga brot önnur en umferðarlaga brot en hins vegar voru tæplega níu prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins kærðir fyrir umferðarlaga brot árið 2009, hlutfallslega flestir á aldrinum 18 til 20 ára.

Tafla 3. Aldur kærðra í hegningarlaga brotum, sérrefsilaga brotum og umferðarlaga brotum árið 2009 og hlutfall kærðra af heildaríbúafjölda, greint eftir aldri.

	Hegningarlaga brot		Sérrefsilaga brot		Umferðarlaga brot	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
14 ára og yngri	206	0,5	15	0,0	26	0,1
15-20	929	5,4	349	2,0	1.815	10,6
-þar af 15-17 ára	452	5,3	106	1,2	481	5,6
-þar af 18-20 ára	477	5,5	243	2,8	1.334	15,4
21-30 ára	897	2,9	591	1,9	4.067	13,1
31-40 ára	465	1,6	248	0,9	3.671	12,8
41-50 ára	321	1,2	154	0,6	3.719	13,6
51-70 ára	216	0,6	98	0,2	3.984	10,1
71 árs og eldri	21	0,1	4	0,0	502	3,2
Samtals	3.055	1,5	1.459*	0,7	17.784	8,9

*Í einu tilviki var ekki hægt að fá upplýsingar um aldur grunaðs þar sem um erlendan einstakling var að ræða og fæðingardagur ekki skráður.



Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um þróun í fjölda kærðra í sérrefsilagabrotum. Tafla 4 sýnir hins vegar þróun í fjölda kærðra í hegningarlagaabrotum frá 2007 til 2009 og hlutfall kærðra af heildarfjölda íbúa. Fram kemur að svipað hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæðinu hefur verið kært fyrir hegningarlagaabrot ár hvert.

Tafla 4. Aldur kærðra í hegningarlagaabrotum 2007 til 2009 og hlutfall kærðra af heildaríbúafjölda, greint eftir aldri.


	2007		2008		2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
14 ára og yngri	175	0,4	166	0,4	206	0,5
15-20	838	5,0	979	5,6	929	5,4
-þar af 15-17 ára	435	5,1	478	5,7	452	5,3
-þar af 18-20 ára	403	4,8	501	5,6	477	5,5
21-30 ára	855	2,8	1.059	3,3	897	2,9
31-40 ára	461	1,6	588	2,0	465	1,6
41-50 ára	293	1,1	370	1,3	321	1,2
51-70 ára	197	0,5	254	0,7	216	0,6
71 árs og eldri	18	0,1	31	0,2	21	0,1
Samtals	2.837	1,4	3.447*	1,7	3.055	1,5

*Í einu tilviki var ekki hægt að fá upplýsingar um aldur grunaðs þar sem um erlendan einstakling var að ræða og fæðingardagur ekki skráður.

Vægi yngstu aldurshópanna í hegningarlagaabrotum á höfuðborgarsvæðinu sést enn betur á töflu 5. Þar sést hlutfall hegningarlagaabrota sem hver aldurshópur var grunaður um af heildarfjölda kærðra hegningarlagaabrota. Fram kemur að ungt fólk á aldrinum 15 til 30 ára áttu rúmlega 66 prósent allra kærðra hegningarlagaabrota árið 2009 en þau voru á því ári rúmlega 24 prósent íbúa svæðisins (mynd 14).

Tafla 5. Hlutfall kærðra hegningarlagaabrota 2007 til 2009, greint eftir aldri kærðra

	2007	2008	2009
14 ára og yngri	3,8	3,6	4,0
15-20	32,8	26,6	30,9
-þar af 15-17 ára	14,8	12,6	13,0
-þar af 18-20 ára	18,0	14,0	18,0
21-30 ára	32,6	32,1	35,2
31-40 ára	17,0	19,8	16,2
41-50 ára	8,4	11,5	8,7
51-70 ára	4,9	5,9	4,6
71 árs og eldri	0,4	0,6	0,3




Mynd 14. Hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæðinu 2009 og hlutfall kærðra hegningarlagabrota greint eftir aldri

Ef fjöldi kærðra fyrir þau sérrepsi- og hegningarlagabrot sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur lagt mesta áherslu á á síðustu árum er skoðaður (tafla 6) má sjá að flestir voru kærðir fyrir auðgunarbrot og vega þjófnaðarbrot þar jafnan mest. Þá voru rúmlega 700 einstaklingar kærðir fyrir fíkniefnabrot árið 2009 og rúmlega 650 fyrir ofbeldisbrot. Hafa ber í huga að hér er hver einstaklingur talinn einu sinni innan hvers flokks. Því er ekki hægt að fá heildarfjölda kærðra í auðgunarbrotum með því að leggja saman fjölda kærðra í undirflokkum eins og innbrotum og öðrum þjófnum, þar sem einn einstaklingur getur verið kærður fyrir fleiri en eina tegund auðgunarbrot.

Tafla 6. Fjöldi kærðra einstaklinga 2007 til 2009 eftir tegund brots

	2007	2008	2009
Ofbeldisbrot	781	769	654
Fíkniefnabrot	-	-	713
Auðgunarbrot	1.305	1.870	1.800
-þar af innbrot	384	308	363
-þar af annar þjófnaður	1.060	1.493	1.533
Eignaspjöll (minniháttar skemmdarverk)	607	596	566
Nytjastuldur	173	147	178
Kynferðisbrot	146	155	132

Afbrot á höfuðborgarsvæðinu



Mynd 15. Fjöldi kærðra einstaklinga í umferðarlagabrotum árið 2009 eftir tegund brots

Pegar umferðarlagabrotin eru skoðuð kemur ekki á óvart að lang flestir voru kærðir fyrir of hraðan akstur eða rúmlega 15 þúsund einstaklingar. Þetta jafngildir því að um 10 prósent einstaklinga á bílprófsaldri á höfuðborgarsvæðinu hafi verið kærðir fyrir of hraðan akstur.




Afbrot eftir svæðum


Hér á eftir verður fjallað um hvert löggæslusvæði höfuðborgarsvæðisins fyrir sig þar sem fram koma upplýsingar um fjölda afbrota sem áttu sér stað innan umdæmisins og tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2006 til 2009. Þá er fjallað um helstu einkenni hvers svæðis hvað varðar fjölda íbúa, aldursskiptingu íbúa, fjölda einstaklinga og fjölskyldna sem fá fjárhagslega aðstoð, fjölda félagslegra íbúða í hlutfalli af heildaríbúafjölda og meðalatvinnutekjur íbúa árið 2009.

Í maí árið 2009 var ný svæðaskipting lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu tekin í notkun þar sem umdæminu var skipt upp á milli fimm lögreglustöðva (mynd 16). Við skiptinguna voru sameinuð nokkur af fyrri svæðum m.a. með hliðsjón af íbúafjölda og dreifingu brota. Annars er skiptingin þannig: Lögreglustöð 1 er til húsa við Hverfisgötu í Reykjavík og hefur hún umsjón með Hlíðum, Háaleiti og Laugardal. Lögreglustöð 2 er staðsett á Flatahrauni 11 í Hafnarfirði og tekur til Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Álftaness. Lögreglustöð 3 er á Dalvegi 18 í Kópavogi og nær yfir Kópavog og Breiðholt. Lögreglustöð 4 er á Krókhálsi 5b. Löggæslusvæði stöðvarinnar samanstendur af Árbæ, Grafarvogi, Grafarholti, Norðlingaholti, Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós. Lögreglustöð 5 heldur utan um Miðborg, Seltjarnarnes og Vesturbæ en hún er til húsa í lögreglustöðinni við Hverfisgötu.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir tíðni afbrota á ofangreindum fimm starfssvæðum lögreglunnar og innan þeirra hverfa og bæjarfélaga sem tilheyra þeim. Reykjavíkurborg er skipt opinberlega upp í 10 hverfi en hér er skiptingin aðeins frábrugðin opinberri skiptingu. Árbær, Grafarholt og Norðlingaholt eru tekin saman í eitt svæði og Kjalarnes og Kjós teljast með Mosfellsbæ. Að öðru leyti er skiptingin að mestu eins og hjá Reykjavíkurborg þó með nokkrum smávægilegum undantekningum sem ættu ekki að hafa áhrif á niðurstöður hér. Höfuðborgarsvæðinu er því skipt í 14 svæði, átta tilheyra Reykjavík en hin sex skiptast eftir sveitarfélagsnúmeri hvers bæjarfélags.



Mynd 16. Skipting umdæmis lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 17. Fjöldi hegningarlagabrota 2009 annars vegar eftir lögreglustöðvum og hins vegar eftir svæðum.

Mynd 17 sýnir skiptingu hegningarlagabrota á höfuðborgarsvæðinu árið 2009 eftir svæðum. Mestur var fjöldinn á svæði lögreglustöðvar 5 og fjölgar brotum þar lítilla frá árinu á undan. Innan þess svæðis er Miðborg þar sem fjöldi hegningarlagabrota er mestur (yfir 2.000 brot) og Seltjarnarnes þar sem hann er næst minnstur af höfuðborgarsvæðinu öllu. Minnstur var fjöldinn á svæði lögreglustöðvar 2, en innan þess er Álftanes með lægstan fjölda hegningarlagabrota á höfuðborgarsvæðinu og Hafnarfjörður með fjórða hæsta fjöldann.


Í þessari skýrslu er sjónum beint sérstaklega að ofbeldisbrotum, fíkniefnabrotum, auðgunarbrotum, eignaspjöllum, nytjastuldum og kynferðisbrotum. Í töflu v27 eru þessi brot tekin saman og sést þá að fjöldi þeirra var hæstur í Miðborg árið 2009, en lægstur á Álftanesi. Á Seltjarnarnesi fækkaði brotum hlutfallslega mest samanborið við meðalfjölda brota á árunum 2006-2008 eða um rúman fjórðung en einnig

varð nokkur fækkun brota í Breiðholti. Á öllum öðrum svæðum er um fjölgun brota að ræða á tímabilinu, hlutfallslega mest í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós, Árbæ og Kópavogi (sjá töflu v27 í viðauka).



Lögreglustöð 1: Hlíðar - Laugardalur - Háaleiti

Svæði lögreglustöðvar 1 nær yfir Hlíðar, Háaleiti og Laugardal. Í árslok 2009 voru íbúar á svæðinu 38.131 eða 19 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins og hafði þeim fækkað lítillega frá 2008. Svæðið er næst fámennast af löggæslusvæðunum fimm. Um fjórðungur íbúanna var á aldrinum 20 ára og yngri en annars er aldursdreifing íbúa á svæðinu nokkuð jöfn. Árið 2009 fjölgaði íbúum á aldrinum 18 til 30 ára og 51-70 ára miðað við árin 2006-2008 en íbúum í öðrum aldursflokkum fækkaði, mest var fækkunin rúmlega fimm prósent hjá 71 árs og eldri (sjá töflu v2 í viðauka).



Mynd 18. Fjöldi hegningarlaga brota 2009 eftir svæðum lögreglustöðvar 1.

Í töflu 7 má sjá fjölda brota eftir tilteknum brotaflokkum. Auðgunarbrotum fjölgaði um tæpan helming í samanburði við meðaltal árána 2006-2008. Þar af fjölgaði innbrotum um rúm 37 prósent.

Tafla 7. Fjöldi brota á svæði lögreglustöðvar 1 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009	'06-'08	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	173	146	105	140	-35	-24,8%
Fíkniefnabrot	291	229	173	239	-66	-27,7%
Auðgunarbrot	1.306	1.640	1.842	1.236	606	49,1%
- þar af innbrot	456	503	607	443	164	37,1%
Eignaspjöll	430	438	410	386	24	6,1%
Nytjastuldur	75	63	94	67	27	40,3%
Kynferðisbrot	36	36	40	34	6	17,6%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Nytjastuldum fjölgaði um rúm 40 prósent og einnig var fjölgun í kynferðisbrotamálum (17,6%) og eignaspjölum (6,1%). Ofbeldisbrotum fækkaði hins vegar um fjórðung og fíkniefnabrotum nokkuð meira.

Hlíðar

Alls bjuggu 5,5 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu í Hlíðunum við árslok 2009 og var meðalaldur íbúa 38,5 ár. Um 22 prósent íbúa Hlíðanna voru 20 ára og yngri og rúm 30 prósent voru eldri en 50 ára (tafla v3 í viðauka). Íbúum á aldrinum 21-30 ára og 51-70 ára fjölgaði lítillega borið saman við meðaltal áranna 2006-2008 en í öðrum aldurshópum fækkaði íbúum eða fjöldi þeirra hélst svipaður og undanfarin ár.

Árið 2009 fengu 258 einstaklingar eða fjölskyldur fjárhagsaðstoð frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar eða rúm 2,3 prósent íbúa hverfisins. Það er ívið hærra en meðaltal fjárhagsaðstoðar á höfuðborgarsvæðinu og hefur hlutfallið hækkað um tæp sex prósent frá 2008 (sjá mynd v2 í viðauka).

Í Hlíðahverfi voru fleiri félagslegar íbúðir á hverja 10.000 íbúa en á öðrum svæðum eða 273 íbúðir (sjá mynd v3 í viðauka). Meðalatvinnutekjur íbúa Hlíðahverfis voru kr. 3.630.000 fyrir árið 2009 sem er undir meðallagi samanborið við önnur svæði (sjá mynd v1 í viðauka).

Tafla 8. Fjöldi brota í Hlíðum 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	48	51	24	41	-17	-41,5%
Fíkniefnabrot	99	66	66	70	-4	-6,2%
Auðgunarbrot	339	443	419	278	141	50,9%
- þar af innbrot	122	158	171	116	55	47,0%
Eignaspjöll	116	114	133	109	24	22,4%
Nytjastuldur	29	23	25	22	3	13,6%
Kynferðisbrot	11	13	12	9	3	33,3%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Þegar litið er til þeirra brota sem fjallað er um í þessari skýrslu þá fækkaði brotum í Hlíðahverfi árið 2009 miðað við árið á undan (tafla 8). Brotum fjölgaði hins vegar um fjórðung samanborið við meðalfjölda brota áranna 2006 til 2008. Líkt og víðast hvar á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði auðgunarbrotum mest í Hlíðunum miðað við meðaltal fyrri ára eða um rúman helming og innbrotum þar af um 47 prósent. Fjöldi kynferðisbrota er svipaður og undanfarin ár og það sama gildir um fjölda nytjastulda. Ofbeldisbrotum fækkaði töluvert árið 2009 eða um tæp 42 prósent ef miðað er við meðalfjölda ofbeldisbrota 2006 til 2008. Fíkniefnabrotum fækkaði umtalsvert árið 2008 og hélst fjöldi þeirra óbreyttur árið 2009.

Laugardalur

Við árslok 2009 bjuggu 6,6 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu í Laugardalshverfi (tafla v4). Meðalaldur íbúa í hverfinu var 39,2 ár sem er næst hæsti meðalaldur íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Ríflega fjórðungur íbúa hverfisins var 20 ára og yngri árið 2009, en 7,7 prósent íbúa hverfisins voru á aldrinum 15-20 ára.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitti 437 einstaklingum eða fjölskyldum aðstoð í Laugardal árið 2009 og er það 3,3 prósent af íbúafjölda hverfisins. Hlutfall íbúa í hverfinu sem þáðu aðstoð hefur hækkað um 30 prósent á milli ára. Einungis tvö svæði á höfuðborgarsvæðinu eru með hærra hlutfall íbúa sem fá fjárhagslega aðstoð (mynd v2). Um 202 félagslegar íbúðir voru í Laugardal á hverja 10.000 íbúa eða nokkru fleiri en að meðaltali á höfuðborgarsvæðinu. Íbúar í Laugardal voru rétt undir meðallagi tekjulega miðað við önnur svæði en meðal atvinnutekjur þeirra fyrir 2009 voru kr. 3.626.000.

Tafla 9. Fjöldi brota í Laugardal 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal 06-'08	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	62	50	30	48	-18	-37,1%
Fíkniefnabrot	77	102	77	86	-9	-10,1%
Auðgunarbrot	557	725	742	558	184	33,0%
- þar af innbrot	210	249	283	207	76	36,5%
Eignaspjöll	163	165	159	148	11	7,4%
Nytjastuldur	34	30	40	31	9	30,4%
Kynferðisbrot	16	15	20	14	6	39,5%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Ef miðað er við þau brot sem fjallað er um í töflu 9 þá fækkaði brotum lítillega í Laugardalshverfi árið 2009 miðað við árið á undan. Hins vegar er um fjölgun að ræða ef miðað er við meðaltal brota á árunum 2006 til 2008 (tafla 9). Auðgunarbrotum og þá sérstaklega innbrotum heldur áfram að fjölga og hefur þeim fjölgað um þriðjung samanborið við meðaltal árunna 2006-2008. Nytjastuldum og kynferðisbrotum fjölgaði 2009 miðað við undanfarin ár en ofbeldisbrotum hefur fækkað um rúman þriðjung. Þá hefur fíkniefnabrotum líka fækkað sé miðað við sama tíma. Fjöldi eignaspjalla er hins vegar svipaður og undanfarin ár.

Háaleiti

Íbúar í Háaleitishverfi voru 6,9 prósent af heildarfjölda íbúa höfuðborgarsvæðisins árið 2009. Varð lítilsháttar fækkun íbúa frá 2008 en íbúafjöldinn var þó örlítið meiri en að meðaltali á árunum 2006-2008. Meðalaldur íbúa á svæðinu var 40,5 ár og var hann sá hæsti á höfuðborgarsvæðinu, þrátt fyrir að hann hafi farið aðeins lækkandi (tafla v5). Fjórðungur íbúa í hverfinu var 20 ára og yngri og 8,6 prósent íbúanna var á aldrinum 15-20 ára. Reykjavíkurborg veitti 234 einstaklingum eða fjölskyldum í Háaleitishverfi fjárhagslega aðstoð árið 2009 sem er 1,7 prósent af heildaríbúafjölda hverfisins. Þrátt fyrir að hlutfall íbúa sem þáðu fjárhagsaðstoð hefði hækkað um 28 prósent milli ára var svæðið samt meðal þeirra þar sem þetta hlutfall er hve lægst. Í hverfinu voru 120 félagsgengar íbúðir á hverja 10.000 íbúa, sem er í meðallagi á höfuðborgarsvæðinu. Meðalatvinnutekjur íbúa hverfisins voru kr. 3.924.000 og voru þeir í fjórða sæti hvað varðar meðaltekjur á höfuðborgarsvæðinu en í fyrsta sæti innan Reykjavíkur.

Tafla 10. Fjöldi brota í Háaleiti 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009	'06-'08	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	63	45	51	51	0	0,0%
Fíkniefnabrot	115	61	30	83	-53	-64,0%
Auðgunarbrot	410	472	681	400	281	70,3%
- þar af innbrot	124	96	153	119	34	28,6%
Eignaspjöll	151	159	118	130	-12	-9,0%
Nytjastuldur	12	10	29	14	15	102,3%
Kynferðisbrot	9	8	8	11	-3	-25,0%


Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Þegar horft er til þeirra brota sem þessi skýrsla nær til fjölgaði brotum í Háaleitishverfi árið 2009 um fimmtung frá árinu á undan. Brotum fjölgaði hinsvegar um þriðjung samanborið við meðalfjölda brota á árunum 2006 til 2008 (tafla 10). Fjölgunina má rekja til fjölgunar auðgunarbrotum um 70 prósent, þar af fjölgaði innbrotum um hátt í 30 prósent. Fjöldi nytjastulda tvöfaldaðist en fjöldi ofbeldisbrota hélst nokkuð stöðugur. Fíkniefnabrotum, kynferðisbrotum og eignaspjöllum fækkaði hins vegar árið 2009 miðað við meðaltal áranna þriggja þar á undan.

Lögreglustöð 2: Hafnarfjörður - Garðabær - Álftanes

Svæði lögreglustöðvar 2 nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes. Íbúar á svæðinu voru 39.079 við árslok 2009 eða 19,5 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins sem gerir það að þriðja fjölmennasta svæðinu í umdæminu. Um þriðjungur íbúanna var 20 ára eða yngri, þar af voru tæplega 23 prósent á aldrinum 14 ára og yngri (tafla v6).

Árið 2009 voru skráð samtals 1.424 hegningarlaga brot í Hafnarfirði, Garðabæ og á Álftanesi og fjölgaði þeim um tæpan fjórðung frá því árið á undan. Tæp 73 prósent brotanna átti sér stað í Hafnarfirði, fjórðungur í Garðabæ og 2,4 prósent á Álftanesi (mynd 19).



Mynd 19. Fjöldi hegningarlaga brota 2009 eftir svæðum lögreglustöðvar 2.

Þegar helstu brotaflokkar eru skoðaðir sést að auðgunarbrotum fjölgaði umtalsvert annað árið í röð og hefur þeim fjölgað um tæp 82 prósent samanborið við meðaltal áranna 2006-2008 (tafla 11). Þetta skýrist að mestu leyti af mikilli fjölgun innbrota sem fjölgaði um 125,5 prósent. Einnig fjölgaði nytjastuldi um helming. Kynferðisbrotum og eignaspjöllum fjölgaði lítillega en fíkniefnabrotum og ofbeldisbrotum fækkaði miðað við meðalfjölda brota á árunum 2006-2008. Fíkniefnabrotum fjölgaði þó aðeins árið 2009 miðað við árið á undan.

Tafla 11. Fjöldi brota á svæði lögreglustöðvar 2 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009	'06-'08	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	92	83	69	76	-7	-9,2%
Fíkniefnabrot	167	80	107	196	-89	-45,3%
Auðgunarbrot	507	686	932	512	420	81,9%
- þar af innbrot	190	306	430	191	239	125,5%
Eignaspjöll	312	300	273	266	7	2,5%
Nytjastuldur	51	36	54	36	18	50,0%
Kynferðisbrot	22	17	19	18	1	7,5%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Hafnarfjörður

Hafnarfjörður er þriðja stærsta sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu á eftir Reykjavík og Kópavogi. Íbúar í Hafnarfirði voru tæplega 13 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins við árslok 2009 og fjölgaði þeim lítillega á milli ára. Meðalaldur Hafnfirðinga var 33,8 ár og fer hann hækkandi (tafla v7). Alls var tæplega þriðjungur íbúa Hafnarfjarðar 20 ára og yngri árið 2009 og tæp 10 prósent íbúa var á aldrinum 15-20. Fjölgun varð í öllum aldurshópum en mest á bilinu 51-70 ára eða um tæp 11 prósent.

Árið 2009 fengu 428 einstaklingar eða fjölskyldur fjárhagsaðstoð frá Hafnarfjarðarbæ eða tæplega 1,7 prósent bæjarbúa. Hlutfallið hækkaði um 31 prósent á milli ára en er samt undir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi félagslegra íbúða í Hafnarfirði var um 92 á hverja 10.000 íbúa. Meðalatvinnutekjur íbúa í Hafnarfirði voru kr. 3.579.000 árið 2009 og eru meðaltekjurnar þær fimmtu lægstu á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 12. Fjöldi brota í Hafnarfirði 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	77	66	53	56	-3	-4,8%
Fíkniefnabrot	122	61	85	138	-53	-38,4%
Auðgunarbrot	388	481	675	373	302	81,1%
- þar af innbrot	143	199	323	134	189	141,6%
Eignaspjöll	252	218	179	204	-25	-12,1%
Nytjastuldur	35	26	48	23	25	108,7%
Kynferðisbrot	18	12	17	15	2	13,3%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Þegar litið er til þeirra brota sem fjallað er um í töflu 12 þá fjölgaði brotum í Hafnarfirði um rúman fimmtung frá árinu 2008. Ef árið 2009 er borið saman við meðaltal síðustu þriggja ára þá fjölgaði brotum um rúm 30 prósent (tafla v27). Hafnarfjörður fór ekki varhluta af þeirri fjölgun innbrota og annarra auðgunarbrotu sem átti sér stað á höfuðborgarsvæðinu árið 2009. Innbrotum fjölgaði um tæp 142 prósent samanborið við meðalfjölda þeirra árin 2006-2008 og auðgunarbrotum í heild um rúm 81 prósent. Fjöldi nytjastulda tvöfaldaðist á sama tímabili og þá fjölgaði kynferðisbrotum lítillega. Fíkniefnabrotum fjölgaði á milli ára en þeim hefur hins vegar fækkað um næstum 40 prósent miðað við meðaltal árunna 2006-2008. Þá hélt ofbeldisbrotum áfram að fækka.

Garðabær

Fjöldi íbúa í Garðabæ fór yfir 10 þúsund árið 2008 og hélt áfram að fjölga árið 2009. Í árslok voru þeir 5,3 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins. Íbúum fjölgaði í öllum aldurshópum. Meðalaldur Garðbæinga var 37,4 ár sem er yfir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu. Rúm 30 prósent Garðbæinga voru 20 ára og yngri (tafla v8).

Árið 2009 fengu 73 íbúar fjárhagsaðstoð frá Garðabæ eða 0,7 prósent íbúanna. Hlutfallið hækkaði um 15 prósent milli ára en er samt sem áður lægsta hlutfall íbúa sem fá aðstoð af öllum svæðum höfuðborgarsvæðisins. Hið sama á við um fjölda félagslegra íbúða sem voru aðeins 25 á hverja 10.000 íbúa. Meðalatvinnutekjur íbúa á höfuðborgarsvæðinu voru næst hæstar í Garðabæ, eða kr. 4.322.000.

Tafla 13. Fjöldi brota í Garðabæ 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	11	15	14	16	-2	-14,3%
Fíkniefnabrot	42	16	20	52	-32	-61,5%
Auðgunarbrot	113	185	239	131	108	82,0%
- þar af innbrot	44	96	98	53	45	86,1%
Eignaspjöll	44	68	83	52	31	59,6%
Nytjastuldur	15	9	6	12	-6	
Kynferðisbrot	3	4	2	2	0	

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.

Þegar skoðuð eru þau brot sem þessi skýrsla nær til, fjölgaði brotum í Garðabæ um tæplega 23 prósent árið 2009 miðað við árið á undan. Brotum fjölgaði hins vegar um rúmlega þriðjung samanborið við meðaltal árána 2006-2008 (tafla v27). Þar vegur þyngst að auðgunarbrotum fjölgaði um meira en 82 prósent miðað við þriggja ára meðaltal. Þá hélt eignaspjölum áfram að fjölga, en ofbeldisbrotum, nytjastuldum og kynferðisbrotum fækkaði. Fíkniefnabrotum fjölgaði lítillega árið 2009 eftir að hafa fækkað verulega 2008. Sé litið til meðaltals árána 2006-2008 fækkaði fíkniefnabrotum um rúm 61 prósent.

Álftanes

Íbúar Álftaness voru 1,3 prósent af heildarfjölda íbúa höfuðborgarsvæðisins við árslok 2009 og hafði þeim fjölgað örlítið frá fyrra ári. Sé litið til meðalíbúafjölda árána 2006-2008 hefur íbúum fjölgað um 5,6 prósent. Meðalaldur íbúa á Álftanesi var sá lægsti á höfuðborgarsvæðinu eða 31,2 ár. Tæp 38 prósent íbúa voru 20 ára eða yngri. Íbúum á aldrinum 15-17 ára fjölgaði um tæpan fjórðung miðað við undanfarin ár og íbúum eldri en 70 ára hafði fjölgað um svipað hlutfall á sama tíma. Árið 2009 voru þeir um þrjú prósent bæjarbúa (tafla v9).

Engar félagslegar íbúðir eru á Álftanesi en 27 íbúar þáðu fjárhagsaðstoð eða 1,1 prósent íbúanna en ekki liggja fyrir tölur frá árinu 2008 til samanburðar. Meðalatvinnutekjur íbúa Álftaness voru kr. 4.000.000 árið 2009 og er svæðið með þriðju hæstu meðaltekjur á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 14. Fjöldi brota á Álftanesi 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009	'06-'08	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	4	2	2	4	-2	
Fíkniefnabrot	3	3	2	6	-4	
Auðgunarbrot	6	20	18	8	10	116,0%
- þar af innbrot	3	11	9	4	5	
Eignaspjöll	16	14	11	11	0	3,1%
Nytjastuldur	1	1	0	1	-1	
Kynferðisbrot	1	1	0	0	0	

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).


Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.

Tíðni brota á Álftanesi er með því lægsta sem þekkt á höfuðborgarsvæðinu (tafla 14). Brotum í öllum þeim brotaflokkum sem hér eru skoðaðir fækkaði eða þá að fjöldi þeirra stóð í stað frá því sem var árið á undan. Ef miðað er við meðaltal síðustu þriggja ára má sjá að brotin eru samt nokkuð fleiri en þau voru áður.

Lögreglustöð 3: Kópavogur - Breiðholt

Svæði lögreglustöðvar 3 samanstendur af Kópavogi og Breiðholti. Íbúar á svæðinu voru 51.061 við árslok 2009 en það er rúmur fjórðungur íbúa á höfuðborgarsvæðinu og er svæðið það fjölmennasta í umdæminu. Tæplega 30 prósent íbúanna var á aldrinum 20 ára og yngri og voru 8,5 prósent á aldrinum 15-20 ára. Árið 2009 fækkaði í öllum aldurshópum frá árinu á undan nema hjá 14 ára og yngri og 51 árs og eldri (tafla v10).

Árið 2009 voru skráð samtals 2.503 hegningarlaga brot á svæði lögreglustöðvar 3, en þar af áttu 64 prósent þeirra sér stað í Kópavogi og 36 prósent í Breiðholti (mynd 20).



Mynd 20. Fjöldi hegningarlaga brota 2009 eftir svæðum lögreglustöðvar 3.

Í töflu 15 má sjá fjölda brota eftir tilteknum brotaflokkum. Fram kemur að auðgunarbrotum fjölgaði annað árið í röð og hefur þeim fjölgað um ríflega helming sé miðað við meðalfjölda brota á árunum 2006-2008. Þar af fjölgaði innbrotum nánast um sama hlutfall. Ofbeldisbrotum og fíkniefnabrotum hefur hins vegar fækkað á sama tímabili og eru fíkniefnabrot nú tæplega helmingur þess sem þau voru að meðaltali síðustu ár. Eftir fjölgun kynferðisbrota árið 2008 fækkaði þeim aftur 2009 en voru samt ívið fleiri en að meðaltali 2006-2008. Eignaspjöllum og

Tafla 15. Fjöldi brota á svæði lögreglustöðvar 3 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	161	110	110	131	-21	-16,2%
Fíkniefnabrot	230	172	119	263	-144	-54,8%
Auðgunarbrot	1.046	1.407	1.746	1.113	633	56,9%
- þar af innbrot	408	451	666	430	236	54,8%
Eignaspjöll	435	397	413	450	-37	-8,3%
Nytjastuldur	72	61	66	76	-10	-13,5%
Kynferðisbrot	27	45	32	27	5	17,1%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

nytjastuldum fjölgaði árið 2009 frá fyrra ári en þau voru þrátt fyrir það færri en á meðalári 2006-2008 (tafla 15).

Kópavogur

Kópavogur er næst fjölmennasta sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu, en íbúar í Kópavogi fóru yfir 30 þúsund við árslok 2009 og eru þeir 15,1 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins. Kópavogsbúum fjölgaði um 1,3 prósent milli ára en fjölgunin er 5,7 prósent frá meðaltali síðustu þriggja ára á undan (tafla v11). Meðalaldur Kópavogsbúa var 35,4 ár og var hann rétt undir meðalaldri á höfuðborgarsvæðinu. Priðjungur íbúa voru á aldrinum 20 ára og yngri, þar af voru 15-20 ára rúm átta prósent af heildaríbúafjölda.

Alls fengu 495 einstaklingar eða fjölskyldur fjárhagsaðstoð frá Kópavogsbæ árið 2009 eða um 1,6 prósent af íbúum bæjarins. Hlutfall íbúa sem fékk fjárhagsaðstoð hækkaði um 37 prósent en er þó enn undir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu. Í Kópavogi voru 122 félagslegar íbúðir á hverja 10.000 íbúa. Meðalatvinnutekjur íbúa Kópavogs eru yfir meðallagi á höfuðborgarsvæðinu og voru þær kr. 3.788.000 fyrir árið 2009.

Tafla 16. Fjöldi brota í Kópavogi 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	72	60	68	60	8	13,3%
Fíkniefnabrot	97	63	70	135	-65	-48,3%
Auðgunarbrot	694	938	1.193	682	511	74,9%
- þar af innbrot	226	234	380	212	168	79,0%
Eignaspjöll	212	195	210	216	-6	-2,9%
Nytjastuldur	40	39	36	37	-1	-1,8%
Kynferðisbrot	12	24	14	12	2	16,7%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Tafla 16 sýnir fjölda tilkynntra brota í tilteknum brotaflokkum í Kópavogi. Árið 2009 voru þessi brot nærri 40 prósentum fleiri en að meðaltali á árunum 2006-2008. Þar munar mest um tæplega 75 prósent fjölgun auðgunarbrotanna sem að mestu leyti skýrist af 79 prósent fjölgun innbrota. Fíkniefnabrotum, ofbeldisbrotum og eignaspjölum fjölgaði á milli ára en eru færri en að meðaltali síðustu ár, ef ofbeldisbrotin eru undanskilin. Kynferðisbrotum fækkaði árið 2009 eftir mikla fjölgun þeirra 2008 og nytjastuldum fækkaði sömuleiðis.

Breiðholt

Breiðholt er fjölmennasta hverfið í Reykjavík, íbúar þar voru 10,3 prósent af íbúum höfuðborgarsvæðisins í lok árs 2009. Breiðholtsbúum fækkaði um 1,2 prósent miðað við meðalfjölda í hverfinu á árunum 2006-2008. Meðalaldur íbúa var 36,3 og fer hækkandi. Tæplega 29 prósent íbúa Breiðholts voru yngri en 20 ára og tæp níu prósent voru á aldrinum 15-20 ára (tafla v12).

Í Breiðholti fengu 725 einstaklingar eða fjölskyldur fjárhagslega aðstoð frá Reykjavíkurborg, það eru 3,5 prósent af heildarfjölda hverfisins. Hlutfall þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð hækkaði um 14 prósent á milli ára. Miðborgin er eina hverfið þar sem hærra hlutfall íbúa þiggur félagslega aðstoð. Í Breiðholti voru 264 félagslegar íbúðir á hverja 10.000 íbúa. Þetta er næst hæsta hlutfall félagslegra íbúða á höfuðborgarsvæðinu á eftir Hlíðum. Meðaltekjur íbúa í Breiðholti voru einnig í lægri kantinum samanborið við önnur hverfi en meðalatvinnutekjur þeirra fyrir árið 2009 voru kr. 3.482.000 (sjá mynd v1 viðauka).

Tafla 17. Fjöldi brota í Breiðholti 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009	'06-'08	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	89	50	42	71	-29	-41,1%
Fíkniefnabrot	133	109	49	128	-79	-61,7%
Auðgunarbrot	352	469	553	431	122	28,4%
- þar af innbrot	182	217	286	218	68	31,2%
Eignaspjöll	223	202	203	234	-31	-13,2%
Nytjastuldur	32	22	30	40	-10	-24,4%
Kynferðisbrot	15	21	18	15	3	17,4%


Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Tafla 17 sýnir tilkynnt brot í tilteknum brotaflokkum í Breiðholti árið 2009. Brotum fjölgaði lítillega í Breiðholti árið 2009 frá fyrra ári en fjöldi brota var engu að síður minni en að meðaltali á árunum 2006-2008. Auðgunarbrotum og þar með innbrotum hélt áfram að fjölga 2009 og fjölgaði þeim um u.þ.b. 30 prósent frá meðalfjölda brota á árunum 2006-2008. Kynferðisbrotum fjölgaði einnig en öðrum brotum fækkaði miðað við sama tímabil, sérstaklega fíkniefnabrotum (61,7%) og ofbeldisbrotum (41,1%).

Lögreglustöð 4: Árbær - Grafarvogur - Grafarholt - Norðlingaholt - Mosfellsbær - Kjalarnes - Kjós

Svæði lögreglustöðvar 4 nær yfir Mosfellsbæ, Árbæ, Grafarvog, Grafarholt, Norðlingaholt, Kjalarnes og Kjós. Íbúar á svæðinu voru 43.248 við árslok 2009 og fjölgaði þeim lítillega á milli ára. Íbúar á svæðinu voru tæplega 22 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu og er svæðið það annað fjölmennasta í umdæminu. Þriðjungur íbúanna var á aldrinum 20 ára og yngri og þar af voru 9,5 prósent á aldrinum 15-20 ára (tafla v13).

Árið 2009 voru skráð samtals 2.046 hegningarlaga brot á svæði lögreglustöðvar 4, en þar af áttu 38 prósent þeirra sér stað í Grafarvogi, 42 prósent í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti og 20 prósent í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós (mynd 21).



Mynd 21. Fjöldi hegningarlaga brota 2009 eftir svæðum lögreglustöðvar 4.

Þegar tilteknir brotaflokkar eru skoðaðir sést að árið 2009 hélt auðgunarbrotum áfram að fjölga og nemur fjölgunin 75 prósentum miðað við meðaltal áranna 2006-2008. Þar af fjölgaði innbrotum um rúm 77 prósent. Andstætt þróuninni á flestum öðrum svæðum höfuðborgarinnar, fjölgaði fíkniefnabrotum verulega árið 2009 og voru þau um helmingi fleiri en að meðaltali árin á undan. Nytjastuldi og kynferðisbrotum fjölgaði um rúman þriðjung miðað við sama tíma. Ofbeldisbrotum fækkaði hins vegar.

Tafla 18. Fjöldi brota á svæði lögreglustöðvar 4 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	2007	Fjöldi		Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
		2008	2009		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	103	85	75	85	-10	-11,4%
Fíkniefnabrot	136	133	217	147	70	48,0%
Auðgunarbrot	790	1.083	1.357	774	583	75,2%
- þar af innbrot	362	425	615	347	268	77,4%
Eignaspjöll	414	378	388	352	36	10,2%
Nytjastuldur	72	77	95	70	25	35,1%
Kynferðisbrot	25	33	29	21	8	35,9%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Árbær, Grafarholt og Norðlingaholt

Íbúar Árbæjar, Grafarholts og Norðlingholts voru 7,8 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins í árslok 2009 og hafði íbúum fjölgað um rúmt prósent frá árinu áður en fjölgunin er fimm prósent ef miðað er við meðaltal síðustu þriggja ára (tafla v15). Meðalaldur íbúanna var 33,3 ár og fór hækkandi. Tæplega þriðjungur íbúa svæðisins var 20 ára eða yngri og þar af voru ríflega átta prósent íbúa á aldrinum 15-20 ára.

Alls fengu 402 einstaklingar eða fjölskyldur í þessum hverfum fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og eru það 2,6 prósent af heildarfjölda íbúanna. Í hverfinu voru 155 félagslegar íbúðir á hverja 10.000 íbúa. Árið 2009 voru meðalatvinnutekjur íbúa í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti kr. 3.749.000.

Árið 2009 fjölgaði brotum í Árbæ um tæp 46 prósent (tafla 20). Í Árbæ fækkaði kynferðisbrotum, ofbeldisbrotum og fíkniefnabrotum milli ára og eins í samanburði við meðalfjölda brota á árunum 2006-2008. Hins vegar fjölgaði öðrum brotum, auðgunarbrotum um tæp 63 prósent og þar af innbrotum um 57 prósent, nytjastuldum um 115 prósent og eignaspjöllum um fimmtung miðað við meðaltal síðustu þriggja ára.

Tafla 20. Fjöldi brota í Árbæ 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009	'06-'08	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	29	30	20	23	-3	-11,8%
Fíkniefnabrot	37	48	28	36	-8	-22,9%
Auðgunarbrot	291	336	502	308	194	62,8%
- þar af innbrot	121	135	201	128	73	57,0%
Eignaspjöll	80	86	99	83	16	19,8%
Nytjastuldur	22	25	43	20	23	115,0%
Kynferðisbrot	13	9	4	8	-4	-50,0%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Í Grafarholti og Norðlingaholti fjölgaði þeim brotum sem fjallað er um hér, um rúmlega 105 prósent miðað við meðaltal árunna 2006 til 2008 (tafla v27). Árið 2009 fjölgaði brotum í öllum brotaflokkum nema kynferðisbrotum frá fyrra ári, hins vegar varð fjölgun í öllum flokkum nema ofbeldisbrotum ef miðað er við samanburð við síðustu þrjú ár. Auðgunarbrotum, ekki síst innbrotum, fjölgaði langmest eða um meira en 166 prósent. Þá fjölgar eignaspjöllum einnig töluvert.

Tafla 21. Fjöldi brota í Grafar- og Norðlingaholti 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	10	3	5	8	-3	
Fíkniefnabrot	3	4	12	3	9	
Auðgunarbrot	29	49	119	44	75	168,4%
- þar af innbrot	16	25	71	27	44	166,3%
Eignaspjöll	26	30	36	26	10	38,5%
Nytjastuldur	5	1	5	4	1	
Kynferðisbrot	2	3	1	1	0	

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.

Grafarvogur

Grafarvogur var næst fjölmennasta hverfi Reykjavíkur en þar bjuggu níu prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins við árslok 2009 og fækkar Grafarvogsbúum um tæpt prósent frá fyrra ári (tafla v16). Meðalaldur íbúa er 33,8 ár og fer hækkandi. Þriðjungur íbúa Grafarvogs var á aldrinum 20 ára og yngri og voru 10,5 prósent íbúa á aldrinum 15-20 ára.

Árið 2009 þáðu 362 einstaklingar og fjölskyldur í Grafarvogi fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg sem er tvö prósent af heildaríbúafjölda hverfisins. Hafði hlutfallið hækkað um 23 prósent frá árinu 2008. Um 103 félagslegar íbúðir voru á hverja 10.000 íbúa í Grafarvogshverfi árið 2009 og meðalatvinnutekjur voru kr. 3.706.000. Grafarvogur er við meðaltalið á öllum þessum mælikvörðum á félagslegri stöðu hverfisins í samanburði við önnur svæði höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 22. Fjöldi brota í Grafarvogi 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	44	33	34	38	-4	-10,5%
Fíkniefnabrot	79	75	157	86	71	83,3%
Auðgunarbrot	332	493	455	300	155	51,5%
- þar af innbrot	147	162	192	128	64	50,0%
Eignaspjöll	246	167	183	179	4	2,4%
Nytjastuldur	34	43	40	37	3	8,1%
Kynferðisbrot	7	13	14	10	4	44,8%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Þegar litið er til þeirra brota sem þessi skýrsla nær til þá fjölgaði brotum í Grafarvogi um þriðjung miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á

undan (tafla v27). Auðgunarbrotum fækkaði milli ára í Grafarvogi en fjölgaði um rúman helming í samanburði við meðaltal slíkra brota á árunum 2006-2008. Innbrotum fjölgaði annað árið í röð og hefur þeim fjölgað um helming miðað við síðustu ár. Að sama skapi hefur orðið fjölgun kynferðisbrota, eignaspjalla og nytjastulda en ofbeldisbrotum hefur heldur fækkað miðað við meðaltal síðustu þriggja ára.

Fíkniefnabrotum fjölgaði verulega á milli ára og nemur fjölgunin rúnum 83 prósentum. Fjölgunin er mjög mikil í þessum brotaflokk, sérstaklega þegar borið er saman við önnur svæði umdæmisins. Skýringuna er að finna í breyttum áherslum í löggæslunni, er miða að því að koma í veg fyrir innflutning og framleiðslu fíkniefna. Póstmiðstöðin að Stórhöfða telst með Grafarvogi en þar eru póstsendingar flokkaðar og yfirfarnar. Þar finnast oft fíkniefni/fræ í sendingum sem lögregla gerir síðan upptæk. Sé Stórhöfðinn ekki tekinn með í útreikninginn væri fjöldi fíkniefnabrota í Grafarvogi svipaður og á öðrum svæðum.

Mosfellsbær – Kjalarnes – Kjós

Íbúar í Mosfellsbæ voru 8.553 í árslok 2009. Á Kjalarnesi og í Grundarhverfi bjuggu 821 manns í árslok 2009 og hafði fækkað nokkuð samanborið við árið á undan. Kjósinn er fámennasta sveitarfélag umdæmisins en þar var 197 einstaklingur búsettur við árslok 2009 og hafði fjölgað lítillega frá árinu áður.

Samanlagt voru íbúar í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós 4,8 prósent af íbúum höfuðborgarsvæðisins árið 2009 og fjölgaði þeim um tæpt prósent milli ára. Fjölgunin er hins vegar 4,5 prósent ef litið er til meðaltals áranna 2006-2008 (tafla v14). Meðalaldur íbúa á svæðinu var 33,2 ár og fór hækkandi. Af íbúum Mosfellsbæjar, Kjalarness og Kjósarhrepps voru rúm 34 prósent á aldrinum 20 ára og yngri og voru tæp 10 prósent á aldrinum 15-20 ára. Íbúum á aldrinum 18-20 ára fjölgaði um fimmtung frá árunum á undan og sömu sögu er að segja um elsta aldurshópinn (71 árs og eldri).

Alls fengu 74 einstaklingar eða fjölskyldur fjárhagslega aðstoð í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós eða rétt innan við eitt prósent íbúanna. Hlutfall þeirra sem fengu fjárhagslega aðstoð hafði hækkað um 31 prósent á milli ára en svæðið er samt sem áður með næst lægsta hlutfallið á öllu höfuðborgarsvæðinu. Í Mosfellsbæ voru 36 félagslegar íbúðir á hverja

10.000 íbúa. Meðalatvinnutekjur fyrir 2009 voru hvergi lægri en á þessum svæðum, í Mosfellsbæ voru þær kr. 3.510.000, í Kjósinni kr. 3.590.000 og á Kjalarnesi og í Grundarhverfi kr. 3.230.000. Meðaltekjur íbúa í Kjósinni hækkðu frá 2008 og er það eina svæðið á höfuðborgarsvæðinu þar sem meðaltekjur hækkðu á milli ára.

Árið 2009 fjölgaði brotum í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós um rúm 70 prósent miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan (tafla v27).

Tafla 19. Fjöldi brota í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós 2007-2009 og frávik frá meðalt.

	Fjöldi			Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	20	19	16	16	0	0,0%
Fíkniefnabrot	17	6	20	21	-1	-6,2%
Auðgunarbrot	138	205	281	121	160	131,6%
- þar af innbrot	78	103	151	64	87	135,9%
Eignaspjöll	62	95	70	65	5	8,2%
Nytjastuldur	11	8	7	9	-2	
Kynferðisbrot	3	8	10	3	7	

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins). Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.


Fjölgunina má að mestu rekja til mikillar fjölgunar auðgunarbrot, sem fjölgaði um tæp 132 prósent og af þeim fjölgaði innbrotum um 136 prósent. Þá fjölgaði eignaspjöllum einnig og kynferðisbrotum en í öðrum brotaflokkum fækkaði brotum eða fjöldi þeirra stóð í stað.



Lögreglustöð 5: Miðborg - Vesturbær - Seltjarnarnes

Svæði lögreglustöðvar 5 samanstendur af Miðborg, Vesturbæ og Seltjarnarnesi. Íbúar á svæðinu voru 14,5 prósent af íbúum höfuðborgarsvæðisins við árslok 2009 og þýðir að svæðið er það fámennasta í umdæminu. Íbúum á svæðinu fækkaði á milli ára og nam fækkunin innan við einu prósent. Engu að síður eiga flest brot sér stað á svæðinu sem helgast af því að miðborg Reykjavíkur er innan þess en þar eiga jafnan flest brot sér stað. Innan við fjórðungur íbúanna var á aldrinum 20 ára og yngri og voru um sjö prósent á aldrinum 15-20 ára (tafla v17).

Árið 2009 voru skráð samtals 2.864 hegningarlaga brot á svæði lögreglustöðvar 5 og fjölgaði brotum um tæpan fimmtung miðað við meðaltal síðustu þriggja ára. Þrjú af hverjum fjórum brotum áttu sér stað í Miðborg, tæplega fjórðungur í Vesturbæ og innan við þrjú prósent á Seltjarnarnesi (mynd 22).



Mynd 22. Fjöldi hegningarlaga brota 2009 eftir svæðum lögreglustöðvar 5.

Í töflu 23 má sjá að auðgunarbrotum fjölgaði annað árið í röð og hefur þeim fjölgað um tæplega 62 prósent samanborið við meðaltal árána 2006-2008. Fjölgun innbrota um 40 prósent skýrir það að hluta. Eignaspjöllum og nytjastuldum fjölgaði en fíkniefnabrotum og ofbeldisbrotum fækkaði.

Tafla 23. Fjöldi brota á svæði lögreglustöðvar 5 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	376	342	303	367	-64	-17,5%
Fíkniefnabrot	431	266	176	384	-208	-54,1%
Auðgunarbrot	1.040	1.581	1.741	1.077	664	61,6%
- þar af innbrot	387	500	557	398	159	40,1%
Eignaspjöll	501	481	504	472	32	6,7%
Nytjastuldur	63	51	80	59	21	36,4%
Kynferðisbrot	47	36	39	40	-1	-3,3%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Miðborg

Við árslok 2009 voru íbúar Miðborgar rúmlega fjögur prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu og hafði þeim fækkað lítillega á milli ára. Meðalaldur íbúa Miðborgar var 35,4 ár. Rúm 16 prósent íbúanna var á aldrinum 20 ára og yngri og einungis tæp fimm prósent þeirra voru á aldrinum 15-20 ára (tafla v19). Nokkuð fækkaði í yngstu aldurshópnum árið 2009 og þá sérstaklega á aldursbilinu 18-20 ára samanborið við aldurssetningu Miðborgar á árunum 2006 til 2008. Meira en fjórðungur íbúa var á aldrinum 21-30 ára við árslok 2009.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitti 372 einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð árið 2009 sem er 4,5 prósent íbúa svæðisins. Hækkaði hlutfallið um 20 prósent milli ára. Þetta er langhæsta hlutfall veittrar aðstoðar af öllum svæðum á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2009 voru um 262 félagslegar íbúðir á hverja 10.000 íbúa og hefur þeim fækkað nokkuð á milli ára. Íbúar Miðborgar höfðu frekar lágur atvinnutekjur miðað við önnur hverfi í borginni en meðalatvinnutekjur þeirra voru kr. 3.478.000 fyrir árið 2009 og lenda þeir í næst neðsta sæti á höfuðborgarsvæðinu hvað það varðar.

Tafla 25. Fjöldi brota í Miðborg 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	326	308	277	322	-45	-14,1%
Fíkniefnabrot	369	223	134	331	-197	-59,5%
Auðgunarbrot	736	1.131	1.227	733	494	67,5%
- þar af innbrot	245	340	364	248	116	47,0%
Eignaspjöll	340	332	349	328	21	6,3%
Nytjastuldur	37	39	57	40	17	43,7%
Kynferðisbrot	31	25	33	27	6	23,8%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Þegar litið er til þeirra brota sem hér er fjallað um þá varð örlítill fjölgun brota milli ára í Miðborg en brotum fjölgaði um ríflega 16 prósent samanborið við meðaltal áranna 2006-2008. Fjölgun brota má að mestu rekja til þess að auðgunarbrotum fjölgaði um tvo þriðju. Þar af fjölgaði innbrotum um 47 prósent. Nyttjastuldum fjölgaði sem og kynferðisbrotum og eignaspjöllum. Hins vegar fækkaði fíkniefnabrotum um tæp 60 prósent og ofbeldisbrotum um rúm 14 prósent (tafla 25).

Vesturbær

Vesturbæingar voru rúmlega átta prósent af íbúum höfuðborgarsvæðisins við árslok 2009 (tafla v18). Fækkaði þeim lítillega á milli ára. Meðalaldur íbúa í Vesturbæ var 35,4 ár og var svipaður og undanfarin ár. Samtals var rúmlega fjórðungur Vesturbæinga 20 ára og yngri og voru íbúar á aldrinum 15-20 ára 7,3 prósent af íbúum hverfisins.

Árið 2009 nutu 401 einstaklingur eða fjölskylda sem búsett voru í Vesturbæ fjárhagslegrar aðstoðar frá Reykjavíkurborg. Samtals þáðu því 2,5 prósent íbúa svæðisins fjárhagsaðstoð sem er ívið hærra en meðalhlutfall fjárhagsaðstoðar á höfuðborgarsvæðinu árið 2009. Hlutfallið hafði hækkað um 12 prósent frá árinu 2008. Félagslegar íbúðir voru 80 á hverja 10.000 íbúa í Vesturbæ við árslok 2009. Meðalatvinnutekjur Vesturbæinga fyrir árið 2009 voru kr. 3.786.000 sem gerir hverfið að öðru tekjuhæsta hverfi Reykjavíkur og sjötta tekjuhæsta svæði höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 24. Fjöldi brota í Vesturbæ 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	39	31	20	37	-17	-45,5%
Fíkniefnabrot	54	43	39	46	-7	-15,8%
Auðgunarbrot	251	399	468	283	185	65,4%
- þar af innbrot	115	140	176	123	53	43,1%
Eignaspjöll	134	132	137	119	18	14,8%
Nytjastuldur	20	11	19	15	4	26,7%
Kynferðisbrot	15	10	6	12	-6	-48,6%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Árið 2009 fjölgaði brotum í Vesturbænum annað árið í röð í þeim brotaflokkum sem sjá má í töflu 24. Hefur brotum því fjölgað um rúman þriðjung miðað við meðalfjölda brota á árunum 2006-2008 (tafla v27). Þar munar mest um auðgunarbrot en þeim fjölgaði um 65 prósent og fjölgaði innbrotum þar af um 43 prósent. Þá fjölgaði eignaspjöllum á sama tíma um tæp 15 prósent og nytjastuldi um rúmlega fjórðung. Öðrum brotum fækkaði annað árið í röð, ekki síst ofbeldisbrotum og kynferðisbrotum (tafla 24).

Seltjarnarnes

Við árslok 2009 bjuggu rúmlega tvö prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins á Seltjarnarnesi (tafla v20). Íbúunum fækkaði á milli ára og hefur þeim fækkað um eitt prósent miðað við meðalfjölda íbúa á árunum 2006-2008. Meðalaldur íbúa á Seltjarnarnesi var 38,5 ár og fer hækkandi. Tæp 29 prósent íbúanna voru á aldrinum 20 ára og yngri og tæp 11 prósent á aldrinum 15-20 ára.

Seltjarnarnesbær veitti 49 einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagslega aðstoð árið 2009 sem er 1,1 prósent af íbúafjölda bæjarins. Hlutfallið er í lægri kantinum miðað við önnur svæði á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir að hækka um 33 prósent á milli ára. Seltjarnarnesbær á u.þ.b. 32 félagslegar íbúðir á hverja 10.000 íbúa. Meðalatvinnutekjur íbúa á Seltjarnarnesi fyrir árið 2009 voru kr. 4.334.000 sem eru hæstu meðaltekjur á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 26. Fjöldi brota á Seltjarnarnesi 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	Fjöldi			Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	11	3	6	8	-2	
Fíkniefnabrot	8	0	3	6	-3	
Auðgunarbrot	53	51	46	62	-16	-25,4%
- þar af innbrot	27	20	17	27	-10	-37,0%
Eignaspjöll	27	17	18	25	-7	-27,0%
Nytjastuldur	6	1	4	4	0	
Kynferðisbrot	1	1	0	2	-2	

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.


Árið 2009 var ríflega fjórðungs fækkun þeirra brota sem hér er fjallað um á Seltjarnarnesi frá meðaltali árána 2006 til 2008 (tafla v27). Brotum fækkaði því mest á þessu svæði enda fjölgaði brotum á nær öllum öðrum svæðum. Hins vegar fjölgaði brotum á Seltjarnarnesi um fjögur borði saman við árið 2008. Auðgunarbrotum og þar með talið innbrotum fækkaði annað árið í röð á meðan þessum brotum fjölgar nánast alls staðar á höfuðborgarsvæðinu. Ofbeldisbrotum, fíkniefnabrotum og nytjastuldum fjölgar öllum um þrjú brot frá fyrra ári en fjöldi þeirra er engu að síður minni en að meðaltali á árunum 2006-2008 (tafla 26).

Reynsla íbúa höfuðborgarsvæðisins af lögreglu og afbrotum

Spurningalistakönnun var lögð fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins fjórða árið í röð þar sem þeir voru spurðir út í viðhorf til lögreglu, ótta við afbrot og eigin reynslu af afbrotum. Hér er fjallað um niðurstöður könnunarinnar. Annars vegar er heildardreifing svara skoðuð með samanburði við sambærilegar kannanir síðustu ára og hins vegar er dreifing svara greind út frá kyni, aldri og búsetu. Þó úrtak rannsóknarinnar hafi verið stórt þarf að túlka mun á svörum með fyrirvara, sérstaklega þegar fjallað er um mun á milli svæða, enda um mörg svæði að ræða og því kunna að vera fáir svarendur að baki hlutfallstölum. Tekið er sérstaklega fram ef munur er tölfræðilega marktækur, annars er ekki um marktækan mun að ræða.

Viðhorf til starfa lögreglu og aðgengi að henni


Spurt var hversu góðu eða slæmu starfi fólki fannst lögreglan skila í sínu hverfi við að stemma stigu við afbrotum. Líkt og fyrri ár sögðu rúmlega 90 prósent þátttakenda lögreglu skila mjög eða frekar góðu starfi í sínu hverfi og innan við 10 prósent töldu hana vera að skila frekar slæmu eða mjög slæmu starfi (mynd 23).



Mynd 23. Hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi við að stemma stigu við afbrotum?


Ekki er marktækur munur á viðhorfum karla og kvenna til starfa lögreglunnar, og ekki heldur ef svör eru greind eftir aldri og búsetu (tafla 27). Þó kemur fram að ívið hærra hlutfall íbúa í Laugardal og Háaleiti eru mjög eða frekar ánægðir með störf lögreglu en í öðrum hverfum en að sama skapi eru hlutfallslega fæstir ánægðir með störf lögreglu í Mosfellsbæ og á Kjalarnesi, í Miðborg og Vesturbæ.

Tafla 27. Hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í hverfi þínu? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.




Ekki er marktækur munur á milli hópa

Mynd 24 sýnir hlutfall þeirra sem segja lögreglu sinna mjög eða frekar góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi eftir lögreglustöð. Fram kemur að þeim hefur fjölgað verulega sem eru ánægðir með störf lögreglu á lögreglustöð 1 en á hinum stöðvunum eru hlutfallslega færri sem eru ánægðir með störf lögreglu nú en áður.



Mynd 24. Hlutfall þeirra sem telja lögreglu vera að sinna mjög eða frekar góðu starfi við að stemma stigum við afbrotum í sínu hverfi 2007 til 2010 greint eftir lögreglustöðvum.

Þátttakendur voru spurðir að því hversu aðgengileg eða óaðgengileg þeim þætti lögreglan vera í þeirra hverfi eða byggðarlagi. Rúmlega 69 prósent svarenda sögðu lögregluna vera aðgengilega, þar af tæplega fjórðungur mjög aðgengilega og er það svipað og árið 2008 en fækkun frá síðustu könnun (mynd 25). Ekki er marktækur munur á svörum milli ára.




Mynd 25. Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá upplýsingar, aðstoð eða fræðslu þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi/byggðarlagi?

Marktækur munur er á milli hópa eftir búsetu þegar spurt er um aðgengi að lögreglu. Íbúar í Laugardal, Háaleiti, Vesturbæ og á Seltjarnarnesi, Kópavogi og Hlíðum eru líklegastir til að segja lögreglu mjög eða frekar


aðgengilega en að sama skapi segja íbúar Grafarvogs, Hafnarfjarðar, Árbæjar og Grafarholts hana mjög eða frekar óaðgengilega.

Tafla 28. Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá upplýsingar, aðstoð eða fræðslu þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi/byggðarlagi? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.




* Marktækur munur á milli hópa

Mynd 26 sýnir hlutfall þeirra sem sögðu lögreglu vera mjög eða frekar aðgengilega í sínu hverfi/svæði. Fram kemur að íbúar á þeim svæðum sem lögreglustöð 2 sinnir (Hafnarfjörður, Garðabær og Álftanes) telja lögreglu ekki eins aðgengilega nú og áður og hið sama á við um íbúa þess svæðis sem lögreglustöð 4 sinnir (Grafarvogur, Árbær, Grafarholt, Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjós).



Mynd 26. Hlutfall þeirra sem telja lögreglu mjög- eða frekar aðgengilega í sínu hverfi/svæði, greint eftir árum og lögreglustöð.

Spurt var hversu oft þátttakendur sæju lögreglumann í sínu hverfi að jafnaði. Svör voru svipuð og fyrri ár en þó má greina þróun í þá átt að íbúar telji sig að jafnaði hafa séð lögreglu ívið sjaldnar árið 2010 en árið áður (mynd 27).




Mynd 27. Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi/byggðarlagi að jafnaði?

Karlar voru marktækt líklegri en konur til að segjast sjá lögreglu í sínu hverfi eða byggðarlagi vikulega eða oft í viku. Athygli vekur að dreifing í sýnileika eftir búsetu er mjög svipaður og viðhorf til aðgengi. Þannig eru íbúar í Hlíðum einna líklegastir til að sjá lögreglu a.m.k. einu sinni í mánuð


eða oftar í sínu hverfi eða byggðarlagi. Hins vegar eru íbúar í Mosfellsbæ, Kjalarnesi, Árbæ og Grafarholti líklegastir til að segjast aldrei sjá lögreglu í sínu hverfi eða byggðarlagi (tafla 29). Marktækur munur var á svörum milli svæða.

Tafla 29. Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi/byggðarlagi að jafnaði?



Hvaða brot telur þú vera mesta vandamálið í þínu hverfi?

Spurt var hvaða afbrot fólk teldi vera mesta vandamálið í sínu hverfi. Mynd 28 sýnir að enn fjölgar þeim sem telja innbrot mesta vandamálið í sínu hverfi eða svæði eða tæp 60 prósent. Marktækur munur er á svörum milli ára.




Mynd 28. Hvaða brot telur þú mesta vandamálið í þínu hverfi/svæði?

Ekki er marktækur munur á viðhorfum karla og kvenna til þess hvaða brot er talið mesta vandamálið í þeirra hverfi (tafla 30). Ekki er heldur marktækur munur eftir aldri. Þegar greint er eftir búsetu kemur fram að hlutfallslega fleiri íbúar í Garðabæ og Álftanesi töldu innbrot mesta vandamálið en íbúar á öðrum svæðum. Umferðarlagabrot voru talin mesta vandamálið af herra hlutfalli íbúa Kópavogs en annarra svæða og eignaspjöll af herra hlutfalli íbúa Grafarvogs en annarra svæða. Þjófnaðir voru taldir meiri vandi af íbúum Mosfellsbæjar og Kjalarness. Marktækur munur er á svörum eftir svæðum höfuðborgarinnar.

Tafla 30. Hvaða afbrot telur þú mesta vandamálið í þínu hverfi/svæði? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.

	Fjöldi svara	Innbrot	Umferðarlagabrot	Eignaspjöll	Þjófnaður	Fíkniefna-neysla	Annað
Kyn							
Karlar	404	55,4%	17,6%	11,4%	7,2%	2,7%	5,7%
Konur	404	64,1%	15,1%	7,4%	5,9%	4,0%	3,5%
Aldur							
18-25	75	54,7%	10,7%	13,3%	9,3%	2,7%	9,3%
26-35	169	59,2%	19,5%	7,7%	5,9%	2,4%	5,3%
36-45	171	55,0%	19,3%	8,8%	8,2%	4,7%	4,1%
46-55	174	66,1%	15,5%	10,3%	4,0%	2,9%	1,1%
56-65	110	68,2%	9,1%	5,5%	8,2%	3,6%	5,5%
66-75	62	61,3%	17,7%	8,1%	1,6%	3,2%	8,1%
Búseta*							
Miðborg, Gamli Vesturbær	65	52,3%	10,8%	13,8%	4,6%	4,6%	13,8%
Vesturbær, Seltjarnarnes	60	65,0%	11,7%	13,3%	6,7%	1,7%	1,7%
Hlíðar	72	59,7%	22,2%	5,6%	5,6%	1,4%	5,6%
Laugardalur, Háaleiti	94	58,5%	12,8%	13,8%	5,3%	5,3%	4,3%
Breiðholt	84	69,0%	8,3%	6,0%	7,1%	6,0%	3,6%
Árbær, Grafarholt	53	69,8%	9,4%	5,7%	5,7%	3,8%	5,7%
Grafarvogur	71	49,3%	16,9%	25,4%	2,8%	2,8%	2,8%
Kópavogur	119	48,7%	32,8%	2,5%	10,1%	0,8%	5,0%
Garðabær, Álftanes	55	72,7%	14,5%	7,3%	0,0%	3,6%	1,8%
Hafnarfjörður	103	62,1%	15,5%	5,8%	8,7%	4,9%	2,9%
Mosfellsbær, Kjalarnes	32	62,5%	9,4%	9,4%	15,6%	0,0%	3,1%

*Marktækur munur milli hópa




Mynd 29. Hlutfall þeirra sem töldu innbrot vera mesta vandamálið í sínu hverfi/svæði, greint eftir lögreglustöð.

Mynd 29 sýnir hlutfall þeirra sem sögðu innbrot vera mesta vandamálið í sínu hverfi/svæði, greint eftir lögreglustöð. Í nánast öllum hverfum/svæðum taldi meirihluti þátttakenda innbrot vera mesta vandamálið árið 2010 og lækkar hlutfallið aðeins hjá lögreglustöð 3 (í Kópavogi og Breiðholti) frá síðustu könnun en eykst á öðrum svæðum.

Ótti við afbrot

Þátttakendur voru spurðir um mat á eigin öryggi er þeir væru einir á gangi í eigin heimabyggð eða hverfi. Fram kom að yfirgnæfandi meirihluti taldi sig vera örugga þar eina á gangi að næturlagi, þar af ríflega helmingur mjög örugga, en rúm níu prósent fundu fyrir óöryggi. Þetta eru mjög svipaðar niðurstöður og í fyrri könnun og er ekki um marktækan mun að ræða (mynd 30).




Mynd 30. Hversu örugg(ur)/óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í þínu hverfi/byggðarlagi þegar myrkur er skallið á?

Karlar finna fyrir mun meira öryggi á sínum heimaslóðum heldur en konur en einungis þrjú prósent þeirra sögðust finna fyrir óöryggi á móti 16 prósentum kvenna (tafla 31). Þá kemur fram líkt og fyrri ár að almennt finna yngri svarendur fyrir meira öryggi einir á gangi að næturlagi í sínu hverfi en hinir eldri. Um tölfræðilega marktækan mun er að ræða í báðum tilvikum.


Þegar svör eru greind eftir svæðum sést að íbúar Miðborgar eru óöruggari en íbúar annarra svæða. Almennt virðast íbúar öruggari í sínu

hverfi eftir því sem fjær dregur miðborginni, þó íbúar í Vesturbæ og á Seltjarnarnesi telji sig með þeim öruggari.

Tafla 31. Hversu örugg(ur)/óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í þínu hverfi/byggðarlagi þegar myrkur er skolið á? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.




* Marktækur munur á milli hópa



Mynd 31. Hlutfall þeirra sem sögðust mjög eða frekar örugg(ir) einir á gangi í sínu hverfi/byggðarlagi þegar myrkur er skolið á, greint eftir lögreglustöð.

Þetta sést enn betur á mynd 31 þar sem hlutfall þeirra sem segjast mjög eða frekar öruggir einir á gangi í sínu hverfi eftir að myrkur er skolið á er skoðað eftir lögreglustöðvum. Sjá má að í nær öllum svæðum er hlutfall þeirra sem segjast öruggir svipað eða hærra árið 2010 en árið áður.

Þegar spurt er út í öryggi í miðborg Reykjavíkur kemur í ljós að árið 2010 fjölgar þeim sem segjast mjög öruggir þegar þeir ganga einir í miðborginni eftir nokkra fækkun árin á undan. Að sama skapi fækkar þeim lítillega sem segjast mjög óöruggir við þessar aðstæður (mynd 32). Ekki er tölfræðilega marktækur munur á svörum milli ára.





Mynd 32. Hversu örugg(ur)/óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skolið á eða eftir miðnætti um helgar?

Líkt og áður eru karlar líklegri til að segjast mjög eða frekar öruggir einir á gangi eftir miðnætti um helgar í miðborg Reykjavíkur og þeir yngri eru sömuleiðis mun líklegri til að finna til öryggis við þessar aðstæður en þeir eldri.

Einnig er nokkur munur á búsetu og ótta við afbrot í miðborg Reykjavíkur en íbúar Grafarvogs, Álftaness og Garðabæjar eru einna líklegastir til að segjast mjög eða frekar óöruggir einir á gangi í miðborg Reykjavíkur. Að sama skapi eru íbúar Miðborgar, gamla Vesturbæjar og Hlíða líklegastir til að segjast mjög eða frekar öruggir við þessar aðstæður (tafla 32).


Þegar þróunin er skoðuð út frá svæðum (mynd 33) vekur athygli hversu miklu hærra hlutfall íbúa sem búa á svæðum sem tilheyra lögreglustöð 5 segjast öruggir í miðborg Reykjavíkur en íbúar annarra svæða.

Tafla 32. Hversu örugg(ur)/óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skellið á eða eftir miðnætti um helgar? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.



Mynd 33. Hlutfall þeirra sem sögðust mjög- eða frekar öruggir einir á gangi í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skellið á eða eftir miðnætti um helgar, greint eftir lögreglustöð.

Þátttakendur voru spurðir hversu oft aðstæður hefðu verið þannig hjá þeim á árinu 2009 að þeir töldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti. Athygli vekur að enn fækkar þeim sem segjast aldrei hafa talið það líklegt en um 43 prósentu þátttakenda sögðust einu sinni eða oftara hafa talið líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti árið 2009 (mynd 34).




Hlutfall í %

Mynd 34. Hversu oft, ef einhvern tímann, voru aðstæður þannig hjá þér árið 2009 að þú taldir líklegt að þú yrðir fyrir afbroti hér á landi?



Ekki kom fram marktækur munur á svörum eftir kyni eða búsetu en yngri þátttakendur voru líklegri en þeir eldri til að segjast hafa talið það líklegt einhvern tímann á síðasta ári að þeir yrðu fyrir afbroti (tafla 33). Þessi niðurstaða er athygliverð í ljósi þess að almennt eru eldri aldurshóparnir líklegri til að segjast óttast afbrot en þeir sem yngri eru.


Tafla 33. Þeir sem sögðu aðstæður einhvern tímann eða aldrei hafa verið þannig að þeir töldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti, greindir eftir kyni, aldri og búsetu.



* Marktækur munur á milli hópa


Eins og fram kemur á mynd 35 jókst hlutfall þeirra sem sögðu það einhvern tímann hafa verið líklegt árið 2009 að verða fyrir afbroti jafnt í öllum hverfum/svæðum. Þó stendur þetta hlutfall í stað meðal íbúa sem búsettir eru í Kópavogi og Breiðholti (lögglustöð 3).

Af þeim sem sögðust einhvern tímann á árinu 2009 hafa talið líklegt að verða fyrir afbroti virðast íbúar Breiðholts oftast upplifa sig í þannig aðstæðum en aðrir íbúar höfuðborgarsvæðisins. Þá taldi óvenju hátt hlutfall íbúa Kópavogs, Garðabæjar og Álftaness oft líkur á að verða fyrir broti (tafla 34).




Mynd 35. Hlutfall þeirra sem sögðu það einhvern tímann hafa verið líklegt árið 2009 að þeir yrðu fyrir afbroti hér á land, greint eftir lögreglustöðvum.

Tafla 34. Hversu oft, ef einhvern tímann, voru aðstæður þannig hjá þér árið 2009 að þú taldir líklegt að þú yrðir fyrir afbroti hér á landi? Greint eftir kyni, aldri og búsetu. Hér eru ekki tekin með svör þeirra sem sögðu „aldrei“.




Þeir sem sögðust einhvern tímann hafa verið í þeim aðstæðum að þeir teldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti, voru spurðir út í það hvaða afbroti þeir óttuðust mest að verða fyrir. Meira en helmingur þeirra sagðist hafa óttast mest að verða fyrir innbroti, eða um 61 prósent þeirra sem höfðu einhvern tímann verið í þessum aðstæðum. Þá fækkaði enn þeim sem sögðust hafa óttast mest ofbeldisbrot (mynd 36).



Mynd 36. Þegar þú óttaðist síðast að verða fyrir afbroti, hvaða afbroti óttaðist þú mest að verða fyrir?


Ekki er marktækur munur milli karla og kvenna á því hvaða broti þátttakendur óttuðust mest að verða fyrir. Hins vegar voru elstu og yngstu aldurshóparnir líklegastir til að óttast mest að verða fyrir ofbeldi (tafla 35). Þó sögðust flestir í öllum aldurshópum hafa óttast mest að verða fyrir innbroti. Átti það helst við um íbúa Garðabæjar, Álftaness og Mosfellsbæjar og Kjalarness þó ekki hafi verið marktækur munur eftir búsetu.

Tafla 35. Þegar þú óttaðist síðast að verða fyrir afbroti, hvaða afbroti óttaðist þú mest að verða fyrir? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.



Reynsla af afbrotum

Þátttakendur voru spurðir út í reynslu af innbroti/þjófnaði, ofbeldi, eignaskemmdum eða kynferðisbroti á árinu 2009. Samanlagt urðu 24 prósent þátttakenda fyrir einu eða fleirum af ofantöldum afbrotum á árinu 2009 sem er ívið hærra hlutfall en í síðustu könnun.



Mynd 37. Hlutfall þeirra sem urðu fyrir eignaskemmdum, innbroti eða þjófnaði eða ofbeldisbroti árið 2009.


Fram kemur marktækur munur á reynslu af eignaspjöllum ef greint er eftir búsetu. Þannig eru íbúar Miðborgar líklegastir til að hafa orðið fyrir eignaskemmdum en íbúar Garðbæjar og Mosfellsbæjar hafa hins vegar minni reynslu af slíkum brotum. Íbúar Miðborgar eru líklegri til að hafa orðið fyrir innbroti eða þjófnaði, þó ekki sé tölfræðilega marktækur munur á svörum íbúa þaðan samanborið við önnur svæði. Íbúar Grafarvogs og Hlíða virðast síður búa yfir reynslu af innbrotum og þjófnum. Þá sögðust um fimm prósent íbúa Miðborgar hafa orðið fyrir ofbeldisbroti á síðustu 12 mánuðum fyrir könnunina sem er nokkru hærra hlutfall en sjá má í öðrum hverfum. Hærra hlutfall yngsta aldurshópsins hefur reynslu af ofbeldisbrotum heldur en í öðrum aldurshópum og er munurinn tölfræðilega marktækur (tafla 36).

Tafla 36. Hlutfall þeirra sem urðu fyrir eignaskemmdum, innbroti/þjófnaði eða ofbeldisbroti á síðustu 12 mánuðum fyrir könnunina. Greint eftir kyni, aldri og búsetu.

	Eignaskemmdum	Innbroti eða þjófnaði	Ofbeldisbrot
Kyn			
Karlar	17,0%	12,9%	2,8%
Konur	13,8%	10,5%	1,4%
Aldur			
18-25	13,6%	16,5%	6,8%
26-35	15,5%	11,0%	2,7%
36-45	17,9%	11,5%	1,8%
46-55	15,2%	11,2%	0,4%
56-65	21,7%	14,5%	1,3%
66-75	11,2%	8,2%	1,0%
Hverfi			
Miðborg	33,3%	17,9%	5,1%
Hlíðar	18,9%	5,4%	1,4%
Vesturbær, Seltjarnarnes	13,8%	12,6%	2,3%
Laugardalur, Háaleiti	15,4%	8,7%	2,0%
Breiðholt	19,6%	15,0%	0,9%
Árbær, Grafarholt	11,5%	14,1%	2,6%
Grafarvogur	14,6%	4,9%	2,9%
Kópavogur	12,0%	13,1%	1,7%
Garðabær, Álftanes	8,6%	10,0%	1,4%
Hafnarfjörður	13,8%	15,4%	2,3%
Mosfellsbær, Kjalarnes	6,7%	8,9%	0,0%


Marktækur munur er á milli hópa sem eru auðkenndir með bláu letri

Ekki er marktækur munur er á milli hópa sem eru auðkenndir með rauðu letri



Mynd 38. *Hlutfall þeirra em urðu fyrir innbroti eða þjófnaði 2006 til 2009, greint eftir lögreglustöð.*


Athygli vekur að hlutfall þeirra sem höfðu orðið fyrir innbroti eða þjófnaði á sl. 12 mánuðum eykst mest á þeim svæðum sem tilheyra lögreglustöðvum 2 og 3 en á öðrum svæðum stendur þetta hlutfall í stað eða lækkar frá árinu á undan. Hlutfall þeirra sem höfðu orðið fyrir ofbeldisbroti lækkar í öllum hverfum nema meðal íbúa sem búa á svæðum lögreglustöðva 4 og 5 (mynd 39).



Mynd 39. *Hlutfall þeirra sem urðu fyrir ofbeldisbroti 2006 til 2009, greint eftir lögreglustöð.*


Þegar hlutfall þeirra sem höfðu orðið fyrir eignaspjöllum er skoðað milli svæða sést að hlutfallslega fleiri íbúar í nágrenni miðborgar (lögreglustöð 5

og 1) urðu fyrir eignaspjöllum á síðustu 12 mánuðum en árið áður en á öðrum svæðum stendur þetta hlutfall í stað eða lækkar milli ára.




Mynd 40. Hlutfall þeirra sem urðu fyrir eignaspjöllum 2006 til 2009, greint eftir lögreglustöð.

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu tilkynnt þau brot sem þeir urðu fyrir til lögreglu. Fram kemur á mynd 41 að sú mikla aukning í tilkynningum sem kom árið 2009 hefur gengið örlítið til baka hvað varðar innbrot eða þjófnað og eignaskemmdir. Þannig sögðust tæplega 70 prósent þeirra sem höfðu orðið fyrir innbroti eða þjófnaði að þeir hefðu tilkynnt það til lögreglu og tæplega 42 prósent þeirra sem urðu fyrir eignaskemmdum. Hins vegar sögðu tæplega 48 prósent þeirra sem urðu fyrir ofbeldisbroti hafa tilkynnt það til lögreglu sem er hæsta hlutfall slíkra tilkynninga sem mælst hefur frá því þessi rannsókn hófst (mynd 41).



Mynd 41. Hlutfall þeirra sem urðu fyrir innbroti eða þjófnaði, eignaspjöllum eða ofbeldi 2006 til 2009 og tilkynntu það til lögreglunnar.

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu haft samskipti við lögreglu af öðrum ástæðum á árinu 2009. Fram kom að auk þeirra sem urðu fyrir áðurnefndum afbrotum og tilkynntu þau til lögreglu, höfðu 269 þátttakendur eða um fjórðungur samskipti við lögregluna af öðrum ástæðum. Þar kom fram að ríflega þriðjungur svarenda hafði haft samskipti við lögreglu á 12 mánaða tímabili af einhverjum ástæðum.




Mynd 42. Hlutfall þeirra sem áttu önnur samskipti við lögreglu á árinu 2009, greint eftir ástæðu samskiptanna.

Mynd 42 sýnir helstu ástæður annarra samskipta við lögreglu en tilkynningar þeirra brota sem fjallað hefur verið um. Tæplega 16 prósent höfðu samband vegna hávaða eða drykkjuláta en það eru ívið fleiri en í fyrri könnunum. Rúmlega 14 prósent samskipta þátttakenda við lögreglu voru vegna umferðarlagabrota bæði sem hlutaðeigandi aðilar og vitni en það er lægra hlutfall en í síðustu könnun. Um 10 prósent áttu í samskiptum við lögreglu vegna aðstoðar við borgara eða nokkru færri en í síðustu

könnun. Rúm níu prósent höfðu samband til að óska eftir aðstoð og sama hlutfall vegna starfs síns. Tæplega níu prósent sögðust hafa átt samskipti við lögreglu vegna umferðarslyss sem er veruleg fækkun frá síðustu könnun. Litlu færri höfðu samband vegna innbrots eða þjófnaðar en í síðustu könnun eða rúmlega átta prósent. Þá höfðu innan við fimm prósent samband vegna ofbeldis eða nokkru færri en í síðustu könnun.


Þeir þátttakendur sem höfðu haft samskipti við lögregluna voru spurðir um hversu ánægðir þeir væru með þá þjónustu sem þeir höfðu fengið. Þeim svarendum sem sögðust vera mjög ánægðir með þjónustuna fjölgaði frá síðustu könnun, en 44 prósent þáttakanda sögðust mjög ánægðir samanborið við tæp 39 prósent árið áður. Þá sögðust tæplega 35 prósent vera frekar ánægðir með þjónustu lögreglu sem er rúmlega einu prósentustigi lægra en í síðustu könnun (mynd 43). Ekki er tölfræðilega marktækur munur á svörum á milli ára.



Mynd 43. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þá þjónustu sem þú fékkst hjá lögreglu vegna samskipta við hana á síðasta ári?

Í töflu 36 kemur fram að yngsti aldurshópurinn eða 18-25 ára var óánægðari með þjónustu lögreglunnar en aðrir svarendur, en 32 prósent þeirra sögðust óánægðir. Íbúar Mosfellsbæjar voru ánægðastir, en einnig var mikil ánægja með þjónustu lögreglunnar hjá íbúum í Miðborg, Garðabæ og Breiðholti. Íbúar Árbæjar og Grafarholts voru óánægðastir með þá þjónustu sem þeir höfðu fengið hjá lögreglunni, sem er viðsnúningur frá síðustu könnun (tafla 36). Ekki er þó tölfræðilega marktækur munur á svörum milli hópa í þessari spurningu.


Tafla 36. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þá þjónustu sem þú fékkst hjá lögreglu vegna samskipta við hana á síðasta ári?



Samanburður milli svæða


Þegar afbrotatölur eru bornar saman á milli svæða er mikilvægt að taka tillit til íbúafjölda, því dreifing brota á höfuðborgarsvæðinu ræðst að miklu leyti af íbúafjölda á svæðunum. Í þessum kafla eru upplýsingar frá lögreglu um fjölda afbrota bornar saman á milli löggæslusvæða að teknu tilliti til íbúafjölda. Skoðaðar eru helstu brotategundir sem fjallað er um í þessari skýrslu.

Almennt fjölgaði hegningarlaga brotum að teknu tilliti til íbúafjölda á milli ára á öllum löggæslusvæðum höfuðborgarsvæðisins, að undanskildu svæði 5 þar sem brotafjöldi hélst óbreyttur milli ára. Árið 2009 er annað árið í röð þar sem hegningarlaga brotum fjölgaði á milli ára. Ef skoðuð eru einstök svæði kemur í ljós að fleiri hegningarlaga brot áttu sér stað á svæði lögreglustöðvar 5 en á öðrum svæðum að teknu tilliti til íbúafjölda (mynd 44). Meginskýringin á því er sú að Miðborg er hluti svæðisins en þar eiga flest afbrot sér stað miðað við íbúafjölda enda vettvangur skemmtanalífs höfuðborgarbúa um helgar (mynd 51).



Mynd 44. Fjöldi hegningarlaga brota á hverja 10.000 íbúa árin 2007 til 2009, greint eftir lögreglustöðvum.


Árið 2009 var fjöldi hegningarlaga brota miðað við íbúafjölda næst mestur á svæði lögreglustöðvar 1, það er í austurbæ Reykjavíkur. Fjöldi brota á hverja 10.000 íbúa var svipaður á svæði lögreglustöðvar 3 og 4, en lægstur á svæði lögreglustöðvar 2 - í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi (mynd 45). Eins og sjá má á mynd 47 þá koma svæðin þrjú sem tilheyra lögreglustöð 1 - Laugardalur, Háaleiti og Hlíðar næst á eftir Miðborg hvað varðar fjölda hegningarlaga brota miðað við íbúafjölda. Færri hegningarlaga brot áttu sér hins vegar stað á Álftanesi og Seltjarnarnesi en á öðrum svæðum að teknu tilliti til íbúafjölda (mynd 52).



Mynd 45. Fjöldi hegningarlaga brota á hverja 10.000 íbúa árin 2007 til 2009, greint eftir svæðum.


Ofbeldisbrot

Mynd 46 sýnir dreifingu ofbeldisbrota eftir lögreglusvæðum. Árið 2009 fækkaði ofbeldisbrotum annað árið í röð á nær öllum svæðum frá árinu á undan. Sem fyrr áttu fleiri brot sér stað á hverja 10.000 íbúa á svæði lögreglustöðvar 5 heldur en á öllum hinum svæðunum til samans. Á svæðum 2 til 4 skiptist fjöldi ofbeldisbrota nokkuð jafnt miðað við íbúafjölda en hann var ívið meiri á svæði lögreglustöðvar 1.



Mynd 46. Fjöldi ofbeldisbrota á hverja 10.000 íbúa árin 2007 til 2009, greint eftir lögreglustöðvum.

Ef litið er á mynd 54 sést að Miðborg ein og sér skekkir dreifingu ofbeldisbrota á svæðunum 5, en um 332 brot áttu sér stað þar árið 2009 á hverja 10.000 íbúa, eða yfirgnæfandi meirihluti þessarar brota. Á öðrum svæðum voru innan við 40 ofbeldisbrot tilkynnt á hverja 10.000 íbúa árið 2009, en næst á eftir Miðborg komu Háaleiti, Árbær og Laugardalur. Ofbeldisbrot miðað við fjölda íbúa voru færri í Grafarholti og Norðlingaholti, Álftanesi og Vesturbæ heldur en á öðrum svæðum. Árið 2009 fækkaði ofbeldisbrotum eða fjöldi þeirra stóð í stað á nánast öllum svæðum frá árinu á undan. Undantekningar frá því voru Háaleiti, Kópavogur og Seltjarnarnes þar sem brotum fjölgaði.




Mynd 47. Fjöldi ofbeldisbrota á hverja 10.000 íbúa árin 2007 til 2009, greint eftir svæðum.

Eins og fram kemur á mynd 47 var meðalfjöldi ofbeldisbrota 39 brot á hverja 10.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi ofbeldisbrota í Miðborg miðað við íbúafjölda er mun hærra en á öðrum svæðum. Ef meðaltalið er skoðað án Miðborgar kemur í ljós að meðalfjöldi ofbeldisbrota lækkar þá í 18 brot á hverja 10.000 íbúa. Fjöldi ofbeldisbrota miðað við íbúafjölda í Háaleitishverfi er einnig hærra en á öðrum svæðum en að öðru leyti virðist íbúafjöldi útskýra nokkuð vel dreifingu ofbeldisbrota eftir svæðum.


Fíkniefnabrot

Fíkniefnabrotum á hverja 10.000 íbúa fækkaði á öllum svæðunum árið 2009 og hélt sú þróun áfram á löggæslusvæðum 1, 3 og 5 árið 2009 (mynd 48). Hins vegar fjölgaði brotum lítillga á svæði 2 og á svæði 4 varð þó nokkur fjölgun brota. Dreifing fíkniefnabrota á svæðin fimm er því orðin töluvert jafnari en áður. Sem fyrr komu flest brotin upp á svæði lögreglustöðvar 5 líkt og með ofbeldisbrotin eða 61 á hverja 10.000 íbúa. Næst flest voru þau á svæði 4, eða 50 brot. Fæst voru brotin á svæði 3 eða 23 á hverja 10.000 íbúa.



Mynd 48. Fjöldi fíkniefnabrota á hverja 10.000 íbúa árin 2007 til 2009, greint eftir lögreglustöðvum.

Á mynd 49 kemur fram að flest þessara brota áttu sér stað í Miðborg eða 160 á hverja 10.000 íbúa. Er það fækkun um rúm 100 brot á hverja 10.000 íbúa frá árinu á undan. Þar á eftir koma Grafarvogur með 87 brot og Hlíðar með 60 fíkniefnabrot á hverja 10.000 íbúa árið 2009. Fíkniefnabrotum í Grafarvogi fjölgaði umtalsvert á milli ára eða um 36 brot á hverja 10.000 íbúa. Skýrist það m.a. annars af fjölgun brota sem uppgötvast á póstmíðstöðinni við Stórhöfða. Ef póstmíðstöðin er ekki tekin með er fjöldi brota í Grafarvogi ekki frábrugðin öðrum hverfum. Fæst eru fíkniefnabrotin á Álftanesi og Seltjarnarnesi þar sem þau eru innan við 10 á hverja 10.000 íbúa árið 2009.




Mynd 49. Fjöldi fíkniefnabrota á hverja 10.000 íbúa árin 2007 til 2009, greint eftir svæðum.

Eins og fram kemur á mynd 56 er meðalfjöldi fíkniefnabrota 40 brot á hverja 10.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Ef meðaltalið er skoðað án Miðborgar kemur í ljós að meðalfjöldi fíkniefnabrota lækkar þá í 31 brot á hverja 10.000 íbúa. Ekki eru tengsl á milli fíkniefnabrota og íbúafjölda þegar Miðborg er tekin með, en ef hún er tekin út kemur í ljós að tengsl eru þarna á milli á flestum öðrum svæðum höfuðborgarsvæðisins. Þegar tekið er tillit til íbúafjölda eru fíkniefnabrot mun tíðari í Grafarvogi, Laugardal og Hlíðum en á öðrum svæðum.


Innbrot

Mynd 50 sýnir fjölda innbrota á hverja 10.000 íbúa eftir löggæslusvæðum. Fram kemur að dreifingin er jafnari en þegar ofbeldis- og jafnvel fíkniefnabrot eru skoðuð. Árið 2009 áttu þó fleiri innbrot sér stað innan svæðis lögreglustöðvar 5 heldur en á hinum svæðunum eða 192, en svæði 1 er þar ekki langt á eftir með 159 innbrot á hverja 10.000 íbúa. Fæst voru innbrotin á svæði lögreglustöðvar 2 eða 110. Annað árið í röð fjölgaði innbrotum á öllum svæðunum miðað við íbúafjölda frá árinu á undan. Mest var fjölgunin á svæði lögreglustöðva 3 og 4.



Mynd 50. Fjöldi innbrota á hverja 10.000 íbúa árin 2007 til 2009, greint eftir löggæslusvæðum.

Mynd 51 sýnir að flest innbrot áttu sér stað í Miðborg þegar tekið er tillit til íbúafjölda, eða um 436 á hverja 10.000 íbúa sem nokkur fjölgun frá árinu á undan. Þar á eftir kemur Árbær með 242 og Laugardalur með 213 skráð innbrot. Fæst voru innbrot miðað við íbúafjölda á Álftanesi og Seltjarnarnesi, en þar voru innan við 40 innbrot á hverja 10.000 íbúa. Sjá má að innbrotum fjölgaði nokkuð á flestum svæðum umfram fjölgun íbúa árið 2009 samanborið við fyrra ár og var fjölgunin sérstaklega mikil í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti, Mosfellsbæ - Kjalarnes - Kjós og Hafnarfirði. Innbrotum fækkaði einungis á Seltjarnarnesi og Álftanesi og þau stóðu nánast í stað í Garðabæ.




Mynd 51. Fjöldi innbrota á hverja 10.000 íbúa árin 2007 til 2009, greint eftir svæðum.

Eins og fram kemur á mynd 51 er meðalfjöldi innbrota 145 brot á hverja 10.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Ef meðaltalið er skoðað án Miðborgar kemur í ljós að meðalfjöldi innbrota lækkar þá í 125 brot á hverja 10.000 íbúa. Ef skoðuð eru tengsl innbrota og íbúafjölda eftir svæðum sést að sem fyrr sker Miðborgin sig úr. Þegar önnur hverfi borgarinnar eru skoðuð vekur athygli að innbrot í Árbæ og Laugardal eru óvenju mörg ef miðað er við íbúafjölda.


Eignaspjöll

Á mynd 52 sést hvernig eignaspjöll dreifast eftir löggæslusvæðum ef miðað er við íbúafjölda. Eignaspjöllum fækkaði á löggæslusvæðum 1 og 2 en fjölgaði á svæðum 3, 4 og 5 miðað við íbúafjölda árið 2009.



Mynd 52. Fjöldi eignaspjalla á hverja 10.000 íbúa árin 2007 til 2009, greint eftir lögreglustöðvum.

Fram kemur að árið 2009 áttu flest eignaspjöll sér stað á svæði lögreglustöðvar 5 eða 173 brot. Á svæði 1 voru brotin 108 en á öðrum svæðum voru færri en hundrað brot miðað við 10.000 íbúa. Ef litið er á mynd 59 sést að yfirgnæfandi meirihluti eignaspjalla átti sér stað í Miðborg á hverja 10.000 íbúa eða 418 skráð brot. Hlíðar, Laugardalur, Árbær og Grafarvogur koma næst með á bilinu 102 til 120 skráð eignaspjöll. Fæst voru eignaspjöllin á Seltjarnarnesi árið 2009 eða 41 á hverja 10.000 íbúa. Á meira en helmingi svæðanna fjölgaði tilkynningum um eignaspjöll árið 2009 frá árinu á undan, einna mest í Árbæ, Hlíðum og Miðborg. Á sama tíma fækkaði eignaspjöllum í Háaleiti, Mosfellsbæ - Kjalarnesi - Kjós og Hafnarfirði.




Mynd 53. Fjöldi eignaspjalla á hverja 10.000 íbúa árin 2007 til 2009, greint eftir svæðum.

Eins og fram kemur á mynd 53 er meðalfjöldi eignaspjalla 105 brot á hverja 10.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Ef meðaltalið er skoðað án Miðborgar kemur í ljós að meðalfjöldi eignaspjalla lækkar þá í 82 brot á hverja 10.000 íbúa. Þessar tölur eru nánast óbreyttar frá árinu 2008, enda stóð heildarfjöldi eignaspjalla nokkurn veginn í stað á milli ára.


Nytjastuldur

Þegar dreifing nytjastulda miðað við íbúafjölda er skoðuð eftir löggæslusvæðum sést að dreifingin er með jafnara móti miðað við önnur brot, en þó var tilkynnt um fæsta nytjastuldi á svæði lögreglustöðvar 3 á hverja 10.000 íbúa árið 2009. Nytjastuldum fjölgaði frá árinu áður á öllum svæðunum eftir að hafa fækkað alls staðar nema á svæði lögreglustöðvar 4 árið 2008 (mynd 54). Árið 2009 áttu flestir nytjastuldir sér stað á svæði lögreglustöðvar 5, eins og reyndin er með flest önnur brot. Þeim hefur því fjölgað hlutfallslega meira á því svæði en annars staðar þar sem flestir nytjastuldir áttu sér stað á svæði 4 árið 2008.



Mynd 54. Fjöldi nytjastulda á hverja 10.000 íbúa árin 2007 til 2009, greint eftir lögreglustöðvum.

Mynd 55 sýnir fjölda nytjastulda á hverja 10.000 íbúa eftir svæðum. Þó dreifingin sé jafnari en í mörgum öðrum brotaflokkum kemur fram að árið 2009 áttu fleiri nytjastuldir sér stað í Miðborg á hverja 10.000 íbúa en á öðrum svæðum, eða 68 og fjölgar þeim umtalsvert á milli ára. Í Árbæ voru nytjastuldir 52 og í Laugardal 30 á hverja 10.000 íbúa. Fæstir nytjastuldir voru skráðir í Garðabæ, Grafarholti og Norðlingaholti miðað við íbúafjölda og á Álftanesi var enginn nytjastuldur tilkynntur árið 2009 (mynd 62).




Mynd 55. Fjöldi nytjastulda á hverja 10.000 íbúa árin 2007 til 2009, greint eftir svæðum.

Eins og sést á mynd 55 var meðalfjöldi nytjastulda 20 á hverja 10.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Ef meðaltalið er skoðað án Miðborgar kemur í ljós að meðalfjöldi nytjastulda lækkar þá í 17 á hverja 10.000 íbúa. Fyrir utan Miðborg er fjöldi nytjastulda óvenju hár í Árbæ og Laugardal miðað við önnur svæði að teknu tilliti til íbúafjölda. Skýrist það m.a. af fjölda bílaumboða og bílasala í þessum hverfum.


Kynferðisbrot

Mynd 56 sýnir fjölda kynferðisbrota á hverja 10.000 íbúa eftir löggæslusvæðum. Kynferðisbrotum fækkaði í heildina frá árinu á undan og má sjá fækkun brota á löggæslusvæði 3 og 4. Brotunum fjölgaði hins vegar á svæði 1 og 5. Fjöldi kynferðisbrota er tiltölulega lítill eða 5 til 13 brot á hverja 10.000 íbúa og því er ekki ráðlegt að draga of miklar ályktanir af tölunum. Þó má sjá að flest brotin eiga sér stað á svæði lögreglustöðvar 5 eða 13 brot en fæst eru þau á löggæslusvæði 2 þar sem eru fimm brot á hverja 10.000 íbúa árið 2009 (mynd 56).



Mynd 56. Fjöldi kynferðisbrota á hverja 10.000 íbúa árin 2007 til 2009, greint eftir lögreglustöðvum.

Líkt og í öðrum brotaflokkum eiga flest kynferðisbrot sér stað í Miðborg eða 40 brot á hverja 10.000 íbúa og fjölgar brotum þar á milli ára. Fjölgun hefur einnig orðið í Laugardal þar sem brotin eru næst flest miðað við fjölda íbúa. Á flestum svæðum fækkar þó kynferðisbrotum frá árinu á undan. Fæst eru brotin í Garðabæ og Grafarholti og Norðlingaholti. Á Álftanesi og á Seltjarnarnesi voru engin kynferðisbrot tilkynnt til lögreglu árið 2009.



Mynd 57. Fjöldi kynferðisbrota á hverja 10.000 íbúa árin 2007 til 2009, greint eftir svæðum.

Eins og sést á mynd 57 er meðalfjöldi kynferðisbrota átta brot á hverja 10.000 íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Ef meðaltalið er skoðað án Miðborgar kemur í ljós að meðalfjöldi kynferðisbrota lækkar þá í sex brot á hverja 10.000 íbúa.

Samantekt

Árið 2009 var um margt viðburðarríkt hjá lögreglu þegar litið er til þróunar afbrota. Hegningarlagabrotum fjölgaði um 11 prósent á milli ára, einkum vegna þess að innbrotum hélt áfram að fjölga fyrri hluta árs 2009. Fjölgun innbrota síðastliðin ár skýrist ekki eingöngu af raunverulegri fjölgun brota. Rannsóknir sem hafa verið gerðar hjá embættinu sýna að hluti þessarar fjölgunar skýrist af því að fleiri virðast tilkynna innbrot til lögreglu nú en áður. Þannig kom fram að af þeim sem höfðu orðið fyrir innbroti eða þjófnaði árið 2007 tilkynntu 59 prósent brotið til lögreglu. Árið 2008 var sambærilegt hlutfall hins vegar 71 prósent en 70 prósent árið 2009.

Innbrotum fjölgaði ekki í öllum hverfum borgarinnar og í raun varð fækkun brota á Álftanesi og á Seltjarnarnesi að teknu tilliti til íbúafjölda. Hins vegar fjölgaði innbrotum mest í Grafarholti, Norðlingaholti og í Árbæ.

Þegar litið er til annarra brota sem fjallað er um í þessari skýrslu þá er niðurstaðan á annan veg enda fækkar flestum öðrum brotum eða fjöldi þeirra stendur í stað. Eingöngu nytjastuldum fjölgaði á milli ára en fjöldi eignaspjalla og kynferðisbrota stóð nánast í stað á meðan fíkniefnabrotum og ofbeldisbrotum fækkaði á milli ára.

Þegar þróun nytjastulda er skoðuð má sjá að sú fjölgun sem fram kemur árið 2009 var þegar hafin á seinni hluta árs 2008. Þar sem um frekar fá brot er að ræða geta sveiflur í fjölda brota verið miklar á milli svæða. Þannig fjölgaði nytjastuldum mest á Seltjarnarnesi, í Grafarholti og í Norðlingaholti á milli ára, en á þessum svæðum varð veruleg fækkun brota frá árinu áður. Nytjastuldum fækkaði mest á Álftanesi og í Garðabæ en á báðum stöðum hefur fækkunin verið samfelld síðastliðin þrjú ár.

Þó svo fíkniefnabrotum fækki milli ára þá var mikið magn fíkniefna haldlagt á síðasta ári enda áhersla lögreglu meiri á að stöðva innflutning og framleiðslu fíkniefna en að stemma stigu við neyslu þeirra. Mest aukning varð í haldlagningum á marihúana, en árið 2009 voru rúmlega 54 kíló haldlögð af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og tollgæslu samanborið við tæplega fimm kíló árið áður. Þetta kemur einkum til vegna þess að í nokkrum málum fann lögregla stórar framleiðslueiningar marihúanaræktunar. Einnig lagði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og tollgæslan hald á nokkru meira magn af amfetamíni árið 2009 en árið áður.

Það er einnig til komið vegna fárra stórra mála þar sem tilraun var gerð til að flytja inn mikið magn af amfetamíni í einu til landsins.

Árlega er lögð fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins spurningakönnun á reynslu þeirra af lögreglu, öryggi og afbrotum. Athyglisvert er að þegar íbúar svæðisins eru spurðir út í eigin reynslu af afbrotum endurspeglast sú þróun nokkuð vel í þeim tilkynningum sem berast til lögreglu. Í ljós kemur að tilkynningum um innbrot fjölgar á milli ára á sama tíma og fleiri sögðust hafa orðið fyrir innbroti árið 2009 í könnuninni. Munurinn á svörum milli ára er þó hlutfallslega mun minni en fjölgun innbrota á sama tíma. Þegar eignaspjöll eru skoðuð á sama hátt sést að fjöldi tilkynninga stóð í stað milli árána 2008 og 2009. Á sama tíma fjölgaði þeim sem sögðust hafa orðið fyrir eignaspjöllum, en um leið fækkaði þeim sem tilkynntu brotið til lögreglu. Þannig virðist þróun í mælingum á reynslu íbúa af eignaspjöllum og fjöldi tilkynninga til lögreglu haldast í hendur með skýrari hætti en kemur fram í þjófnaðarbrotum. Sama má segja um ofbeldisbrot, því fram kemur að tilkynningum um ofbeldisbrot fækkaði árið 2009 á sama tíma og færri sögðust hafa orðið fyrir slíku broti. Þó fleiri segðust hafa tilkynnt ofbeldisbrotið þá breytir það hlutfallslega litlu fyrir samanburðinn.

Niðurstöður mælinga á ótta við afbrot og öryggistilfinningu borgaranna virðast iðulega haldast í hendur við umfang og innihald fjölmiðlaumfjöllunar um afbrot. Í ljósi þess er athyglisvert að skoða þróunina í niðurstöðum könnunarinnar. Þeir sem sögðust hafa einu sinni eða oftar óttast að verða fyrir afbroti árinu á undan, fjölgaði verulega á milli ára. Þegar spurt var um það hvaða afbroti íbúar óttuðust mest að verða fyrir nefndu flestir innbrot. Þeim hefur jafnframt fækkað sem segjast öruggir þegar þeir ganga einir í miðborg Reykjavíkur að næturlagi um helgar frá því könnunin var fyrst lögð fyrir árið 2007. Á sama tíma er hlutfall þeirra mjög hátt sem segjast mjög eða frekar öruggir einir á gangi á sínu svæði á höfuðborgarsvæðinu. Það tekur litlum breytingum milli ára. Það sama má segja um viðhorf íbúa höfuðborgarsvæðisins til lögreglu en á öllum svæðum er mikil ánægja með störf hennar. Þá þykir íbúum lögreglan almennt aðgengileg þó það sé nokkuð misjafnt milli svæða.

Þegar litið er til þeirra sem kærðir eru fyrir afbrot vekur athygli að hlutur kvenna virðist aukast jafnt og þétt á milli ára en þær voru 25 prósent kærðra vegna hegningarlagabrota árið 2009. Hlutur ungmenna í kærðum brotum er jafnan mikill. Einstaklingar á aldrinum 15 til 30 ára áttu

rúmlega 66 prósent allra þeirra hegningarlagabrota þar sem gerandi var þekktur, en þessi hópur er um 24 prósent íbúa svæðisins.

Þar sem aldurssamsetning og aðrir félagslegir og efnahagslegir þættir hafa mikil áhrif á vinnuumhverfi lögreglu, þá leitast hún við að afla upplýsinga um þróun og breytingar á íbúasamsetningu annars vegar og félagslegri aðstoð hins vegar. Þegar litið er til þeirra gagna má sjá að meðalaldur íbúa á höfuðborgarsvæðinu helst nokkuð stöðugur milli ára en árið 2009 var hann 36 ár. Í flestum hverfum hefur meðalaldur staðið í stað síðustu ár eða hækkað lítillega. Mest hefur hækkingin verið í Grafarvogi en þar var meðalaldur íbúa 31 ár árið 2005 en var 34 ár árið 2009. Sama á við um meðalaldur íbúa Seltjarnarness en þar fór meðalaldur úr 37 árum árið 2005 í 39 ár árið 2009. Þegar félagsleg staða íbúa höfuðborgarsvæðisins árið 2009 er skoðuð, veldur það áhyggjum hversu mikið hlutfall íbúa sem þiggja fjárhagslega aðstoð frá félagsþjónustu hækkar, en það hækkaði á öllum svæðum frá 2008. Að sama skapi lækka meðaltekjur íbúa á nær öllum svæðum á milli ára. Hins vegar fjölgar félagslegum íbúðum ekki milli ára á sama tíma.


Nokkur fylgni er milli fjölda brota og efnahagslegrar og félagslegrar stöðu eftir svæðum. Þannig er fjöldi innbrota almennt hærri á hverja 10.000 íbúa á þeim svæðum þar sem tekjur eru undir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu og hlutfall þeirra sem fengu fjárhagslega aðstoð er sömuleiðis hærri en að meðaltali. Sama má segja um brot eins og nytjastuldi, eignaspjöll, ofbeldisbrot, kynferðisbrot og fíkniefnabrot.

Þegar þessi brot eru borin saman milli svæða að teknu tilliti til íbúafjölda, stendur Miðborg upp úr hvað fjölda þeirra varðar. Taka þarf mið af því að mikinn hluta þessara brota má rekja til skemmtanalífs á afmörkuðu svæði í hjarta borgarinnar um helgar. Þetta er sérstaklega áberandi þegar ofbeldisbrot eru skoðuð en 40 prósent þessara brota eiga sér stað í Miðborg. Friðsælast er hinsvegar á Álftanesi og Seltjarnarnesi, en á þessum svæðum eru brot jafnan fátíðust.

Viðauki


Efnahagsstaða

Hér eru teknar saman upplýsingar um efnahagsstöðu í hverfum/svæðum. Rannsóknir sýna að eftir því sem efnahagsstaða hverfis er lakari því líklegra er að tíðni afbrota og frávíkshægðunar sé hærri. Hér fyrir neðan eru upplýsingar um ýmsa þætti sem gefa vísbendingar um efnahagsstöðu hverfis, þó ekki sé um algildan mælikvarða að ræða.




Mynd v1. Meðalatvinnutekjur í þúsundum króna greint eftir svæðum árið 2009.

Afbrot á höfuðborgarsvæðinu



Mynd v2. Hlutfall íbúa sem fengu fjárhagslega aðstoð frá félagsþjónustu, greint eftir svæðum árið 2009.



Mynd v3. Fjöldi félagslegra íbúða á hverja 10.000 íbúa eftir svæðum árið 2009.

Íbúafjöldi og aldurssamsetning

Tafla v1. Fjöldi íbúa á höfuðborgarsvæðinu 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009	'09	Fjöldi	%
14 ára og yngri	40.601	40.976	41.288	20,6	687	1,7
15-20 ára	16.765	17.364	17.192	8,6	427	2,5
- þar af 15-17 ára	8.420	8.451	8.522	4,2	102	1,2
- þar af 18-20 ára	8.344	8.913	8.670	4,3	326	3,9
21-30 ára	30.588	31.774	31.127	15,5	539	1,8
31-40 ára	28.586	29.255	28.770	14,3	184	0,6
41-50 ára	27.726	28.032	27.419	13,7	-307	-1,1
51-70 ára	36.595	38.038	39.265	19,6	2.670	7,3
71 árs eldri	15.324	15.448	15.529	7,7	205	1,3
Samtals	196.185	200.887	200.590	100,0	4.405	2,2

Afbrot á höfuðborgarsvæðinu

Tafla v2. Fjöldi íbúa á svæði lögreglustöðvar 1 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal		Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009	Fjöldi		%	
14 ára og yngri	6.617	6.571	6.603	17,3	-14	-0,2	
15-20 ára	2.861	2.970	2.911	7,6	50	1,7	
- þar af 15-17 ára	1.428	1.426	1.418	3,7	-10	-0,7	
- þar af 18-20 ára	1.434	1.544	1.493	3,9	59	4,1	
21-30 ára	5.783	6.072	5.921	15,5	138	2,4	
31-40 ára	5.235	5.289	5.179	13,6	-56	-1,1	
41-50 ára	5.090	5.058	4.904	12,9	-186	-3,7	
51-70 ára	7.360	7.536	7.675	20,1	315	4,3	
71 árs eldri	5.220	5.085	4.938	13,0	-282	-5,4	
Samtals	38.167	38.581	38.131	100,0	-36	-0,1	

Tafla v3. Fjöldi íbúa í Hlíðum 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal		Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009	Fjöldi		%	
14 ára og yngri	1.760	1.731	1.749	15,8	-11	-0,6	
15-20 ára	729	764	699	6,3	-30	-4,1	
- þar af 15-17 ára	337	336	305	2,8	-32	-9,4	
- þar af 18-20 ára	392	428	394	3,6	2	0,5	
21-30 ára	2.091	2.196	2.169	19,6	78	3,7	
31-40 ára	1.682	1.711	1.646	14,9	-36	-2,2	
41-50 ára	1.430	1.429	1.409	12,8	-21	-1,4	
51-70 ára	2.134	2.183	2.215	20,1	81	3,8	
71 árs eldri	1.213	1.191	1.154	10,5	-59	-4,8	
Samtals	11.039	11.205	11.041	100,0	2	0,0	

Tafla v4. Fjöldi íbúa í Laugardal 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal		Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009	Fjöldi		%	
14 ára og yngri	2.481	2.485	2.488	18,7	7	0,3	
15-20 ára	992	1.020	1.018	7,7	26	2,6	
- þar af 15-17 ára	503	498	519	3,9	16	3,1	
- þar af 18-20 ára	489	522	499	3,8	10	2,0	
21-30 ára	1.934	2.018	1.894	14,3	-40	-2,1	
31-40 ára	1.869	1.905	1.915	14,4	46	2,4	
41-50 ára	1.778	1.784	1.689	12,7	-89	-5,0	
51-70 ára	2.309	2.365	2.460	18,5	151	6,5	
71 árs eldri	1.998	1.887	1.815	13,7	-183	-9,1	
Samtals	13.361	13.464	13.279	100,0	-82	-0,6	

Tafla v5. Fjöldi íbúa í Háaleiti 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009		Fjöldi	%
14 ára og yngri	2.376	2.355	2.366	17,1	-10	-0,4
15-20 ára	1.140	1.186	1.194	8,6	54	4,7
- þar af 15-17 ára	588	592	594	4,3	6	1,1
- þar af 18-20 ára	553	594	600	4,3	47	8,6
21-30 ára	1.758	1.858	1.858	13,5	100	5,7
31-40 ára	1.684	1.673	1.618	11,7	-66	-3,9
41-50 ára	1.883	1.845	1.806	13,1	-77	-4,1
51-70 ára	2.917	2.988	3.000	21,7	83	2,8
71 árs eldri	2.010	2.007	1.969	14,3	-41	-2,0
Samtals	13.768	13.912	13.811	100,0	43	0,3

Tafla v6. Fjöldi íbúa á svæði lögreglustöðvar 2 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009		Fjöldi	%
14 ára og yngri	8.606	8.843	8.913	22,8	307	3,6
15-20 ára	3.569	3.713	3.732	9,5	163	4,6
- þar af 15-17 ára	1.806	1.777	1.855	4,7	49	2,7
- þar af 18-20 ára	1.764	1.936	1.877	4,8	113	6,4
21-30 ára	5.129	5.384	5.383	13,8	254	5,0
31-40 ára	5.317	5.527	5.492	14,1	175	3,3
41-50 ára	5.502	5.667	5.566	14,2	64	1,2
51-70 ára	6.680	7.091	7.377	18,9	697	10,4
71 árs eldri	2.367	2.501	2.616	6,7	249	10,5
Samtals	37.169	38.726	39.079	100,0	1.910	5,1

Tafla v7. Fjöldi íbúa í Hafnarfirði 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009		Fjöldi	%
14 ára og yngri	5.833	5.970	5.987	23,1	154	2,6
15-20 ára	2.387	2.508	2.478	9,6	91	3,8
- þar af 15-17 ára	1.214	1.208	1.236	4,8	22	1,8
- þar af 18-20 ára	1.173	1.300	1.242	4,8	69	5,9
21-30 ára	3.714	3.895	3.874	15,0	160	4,3
31-40 ára	3.705	3.852	3.811	14,7	106	2,9
41-50 ára	3.633	3.760	3.664	14,1	31	0,9
51-70 ára	4.055	4.312	4.494	17,3	439	10,8
71 árs eldri	1.505	1.553	1.605	6,2	100	6,6
Samtals	24.832	25.850	25.913	100,0	1.081	4,4

Afbrot á höfuðborgarsvæðinu

Tafla v8. Fjöldi íbúa í Garðabæ 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009		Fjöldi	%
14 ára og yngri	2.099	2.163	2.223	20,9	124	5,9
15-20 ára	957	973	1.008	9,5	51	5,3
- þar af 15-17 ára	481	455	482	4,5	1	0,2
- þar af 18-20 ára	476	518	526	4,9	50	10,4
21-30 ára	1.112	1.171	1.204	11,3	92	8,3
31-40 ára	1.240	1.279	1.305	12,3	65	5,2
41-50 ára	1.508	1.526	1.511	14,2	3	0,2
51-70 ára	2.232	2.369	2.459	23,1	227	10,2
71 árs eldri	800	877	933	8,8	133	16,7
Samtals	9.948	10.358	10.643	100,0	695	7,0

Tafla v9. Fjöldi íbúa á Álftanesi 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009		Fjöldi	%
14 ára og yngri	673	710	703	27,9	30	4,4
15-20 ára	225	232	246	9,8	21	9,2
- þar af 15-17 ára	111	114	137	5,4	26	23,4
- þar af 18-20 ára	114	118	109	4,3	-5	-4,7
21-30 ára	302	318	305	12,1	3	0,9
31-40 ára	372	396	376	14,9	4	1,1
41-50 ára	360	381	391	15,5	31	8,5
51-70 ára	394	410	424	16,8	30	7,7
71 árs eldri	62	71	78	3,1	16	26,5
Samtals	2.389	2.518	2.523	100,0	134	5,6

Tafla v10. Fjöldi íbúa á svæði lögreglustöðvar 3 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009		Fjöldi	%
14 ára og yngri	10.430	10.633	10.813	21,2	383	3,7
15-20 ára	4.277	4.428	4.349	8,5	72	1,7
- þar af 15-17 ára	2.124	2.171	2.163	4,2	39	1,8
- þar af 18-20 ára	2.153	2.257	2.186	4,3	33	1,5
21-30 ára	7.478	7.905	7.630	14,9	152	2,0
31-40 ára	7.161	7.375	7.297	14,3	136	1,9
41-50 ára	6.826	6.989	6.845	13,4	19	0,3
51-70 ára	9.879	10.136	10.379	20,3	500	5,1
71 árs eldri	3.624	3.665	3.748	7,3	124	3,4
Samtals	49.675	51.131	51.061	100,0	1.386	2,8

Tafla v11. Fjöldi íbúa í Kópavogi 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009		Fjöldi	%
14 ára og yngri	6.287	6.495	6.743	22,2	456	7,2
15-20 ára	2.418	2.548	2.500	8,2	82	3,4
- þar af 15-17 ára	1.208	1.252	1.275	4,2	67	5,6
- þar af 18-20 ára	1.210	1.296	1.225	4,0	15	1,2
21-30 ára	4.075	4.425	4.415	14,5	340	8,3
31-40 ára	4.250	4.411	4.432	14,6	182	4,3
41-50 ára	4.073	4.192	4.098	13,5	25	0,6
51-70 ára	5.346	5.589	5.813	19,1	467	8,7
71 árs eldri	2.272	2.316	2.356	7,8	84	3,7
Samtals	28.722	29.976	30.357	100,0	1.635	5,7

Tafla v12. Fjöldi íbúa í Breiðholti 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009		Fjöldi	%
14 ára og yngri	4.142	4.138	4.070	19,7	-72	-1,7
15-20 ára	1.859	1.880	1.849	8,9	-10	-0,6
- þar af 15-17 ára	916	919	888	4,3	-28	-3,1
- þar af 18-20 ára	943	961	961	4,6	18	1,9
21-30 ára	3.403	3.480	3.215	15,5	-188	-5,5
31-40 ára	2.911	2.964	2.865	13,8	-46	-1,6
41-50 ára	2.752	2.797	2.747	13,3	-5	-0,2
51-70 ára	4.533	4.547	4.566	22,1	33	0,7
71 árs eldri	1.352	1.349	1.392	6,7	40	3,0
Samtals	20.953	21.155	20.704	100,0	-249	-1,2

Tafla v13. Fjöldi íbúa á svæði lögreglustöðvar 4 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009		Fjöldi	%
14 ára og yngri	10.094	10.127	10.172	23,5	78	0,8
15-20 ára	3.956	4.115	4.126	9,5	170	4,3
- þar af 15-17 ára	2.084	2.136	2.111	4,9	27	1,3
- þar af 18-20 ára	1.872	1.979	2.015	4,7	143	7,6
21-30 ára	6.166	6.208	5.979	13,8	-187	-3,0
31-40 ára	6.365	6.418	6.248	14,4	-117	-1,8
41-50 ára	6.471	6.552	6.482	15,0	11	0,2
51-70 ára	7.546	7.977	8.402	19,4	856	11,3
71 árs eldri	1.688	1.810	1.839	4,3	151	9,0
Samtals	42.287	43.207	43.248	100,0	961	2,3

Afbrot á höfuðborgarsvæðinu

Tafla v14. Fjöldi íbúa í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós 2008 og 2009 og frávik frá meðalt.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009		Fjöldi	%
14 ára og yngri	2.240	2.305	2.350	24,6	110	4,9
15-20 ára	840	908	932	9,7	92	11,0
- þar af 15-17 ára	465	493	482	5,0	17	3,6
- þar af 18-20 ára	374	415	450	4,7	76	20,2
21-30 ára	1.181	1.174	1.138	11,9	-43	-3,7
31-40 ára	1.471	1.515	1.474	15,4	3	0,2
41-50 ára	1.429	1.479	1.484	15,5	55	3,8
51-70 ára	1.704	1.771	1.841	19,2	137	8,1
71 árs eldri	294	329	352	3,7	58	19,9
Samtals	9.158	9.481	9.571	100,0	413	4,5

Tafla v15. Fjöldi íbúa í Árbæ, Grafar- og Norðlingaholti 2008 og 2009 og frávik.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009		Fjöldi	%
14 ára og yngri	3.518	3.661	3.746	23,9	228	6,5
15-20 ára	1.235	1.298	1.311	8,4	76	6,2
- þar af 15-17 ára	620	644	661	4,2	41	6,7
- þar af 18-20 ára	615	654	650	4,1	35	5,6
21-30 ára	2.429	2.531	2.396	15,3	-33	-1,3
31-40 ára	2.338	2.423	2.421	15,4	83	3,6
41-50 ára	2.043	2.086	2.084	13,3	41	2,0
51-70 ára	2.722	2.883	3.018	19,2	296	10,9
71 árs eldri	668	711	724	4,6	56	8,4
Samtals	14.953	15.593	15.700	100,0	747	5,0

Tafla v16. Fjöldi íbúa í Grafarvogi 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009		Fjöldi	%
14 ára og yngri	4.336	4.161	4.076	22,7	-260	-6,0
15-20 ára	1.882	1.909	1.883	10,5	1	0,1
- þar af 15-17 ára	999	999	968	5,4	-31	-3,1
- þar af 18-20 ára	883	910	915	5,1	32	3,7
21-30 ára	2.556	2.503	2.445	13,6	-111	-4,4
31-40 ára	2.557	2.480	2.353	13,1	-204	-8,0
41-50 ára	2.998	2.987	2.914	16,2	-84	-2,8
51-70 ára	3.120	3.323	3.543	19,7	423	13,5
71 árs eldri	726	770	763	4,2	37	5,1
Samtals	18.176	18.133	17.977	100,0	-199	-1,1

Tafla v17. Fjöldi íbúa á svæði lögreglustöðvar 5 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009		Fjöldi	%
14 ára og yngri	4.854	4.802	4.787	16,5	-67	-1,4
15-20 ára	2.101	2.138	2.074	7,1	-27	-1,3
- þar af 15-17 ára	979	941	975	3,4	-4	-0,4
- þar af 18-20 ára	1.122	1.197	1.099	3,8	-23	-2,0
21-30 ára	6.032	6.205	6.214	21,4	182	3,0
31-40 ára	4.507	4.646	4.554	15,7	47	1,0
41-50 ára	3.838	3.766	3.622	12,5	-216	-5,6
51-70 ára	5.129	5.298	5.432	18,7	303	5,9
71 árs eldri	2.426	2.387	2.388	8,2	-38	-1,6
Samtals	28.887	29.242	29.071	100,0	184	0,6

Tafla v18. Fjöldi íbúa í Vesturbæ 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009		Fjöldi	%
14 ára og yngri	3.014	3.026	3.043	18,6	29	1,0
15-20 ára	1.193	1.228	1.197	7,3	4	0,4
- þar af 15-17 ára	575	557	582	3,6	7	1,2
- þar af 18-20 ára	617	671	615	3,8	-2	-0,4
21-30 ára	3.367	3.457	3.477	21,3	110	3,3
31-40 ára	2.497	2.557	2.505	15,3	8	0,3
41-50 ára	2.094	2.079	1.981	12,1	-113	-5,4
51-70 ára	2.665	2.733	2.814	17,2	149	5,6
71 árs eldri	1.357	1.326	1.310	8,0	-47	-3,5
Samtals	16.187	16.406	16.327	100,0	140	0,9

Tafla v19. Fjöldi íbúa í Miðborg 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009		Fjöldi	%
14 ára og yngri	971	948	953	11,4	-18	-1,9
15-20 ára	441	444	413	4,9	-28	-6,3
- þar af 15-17 ára	168	156	165	2,0	-3	-2,0
- þar af 18-20 ára	273	288	248	3,0	-25	-9,0
21-30 ára	2.155	2.243	2.204	26,4	49	2,3
31-40 ára	1.483	1.558	1.546	18,5	63	4,2
41-50 ára	1.072	1.058	1.049	12,6	-23	-2,2
51-70 ára	1.437	1.503	1.499	18,0	62	4,3
71 árs eldri	700	679	685	8,2	-15	-2,1
Samtals	8.260	8.433	8.349	100,0	89	1,1

Afbrot á höfuðborgarsvæðinu

Tafla v20. Fjöldi íbúa á Seltjarnarnesi 2008 og 2009 og frávik frá meðaltali.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '09	Breyting frá '06-'08	
	'06-'08	2008	2009		Fjöldi	%
14 ára og yngri	868	828	791	18,0	-77	-8,9
15-20 ára	467	466	464	10,6	-3	-0,6
- þar af 15-17 ára	235	228	228	5,2	-7	-3,1
- þar af 18-20 ára	232	238	236	5,4	4	1,9
21-30 ára	510	505	533	12,1	23	4,6
31-40 ára	527	531	503	11,4	-24	-4,6
41-50 ára	672	629	592	13,5	-80	-11,9
51-70 ára	1.027	1.062	1.119	25,5	92	9,0
71 árs eldri	369	382	393	8,9	24	6,5
Samtals	4.440	4.403	4.395	100,0	-45	-1,0

Afbrot á höfuðborgarsvæðinu

Tafla v21. Fjöldi brota á höfuðborgarsvæðinu 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	2007	Fjöldi		Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
		2008	2009		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	925	781	683	841	-158	-18,8%
Fikniefnabrot	1.286	905	806	1.194	-388	-32,5%
Auðgunarbrot	4.882	6.513	7.701	5.504	2.197	39,9%
- þar af innbrot	1.882	2.195	2.883	1.992	891	44,7%
Eignaspjöll	2.132	1.998	1.994	2.127	-133	-6,3%
Nytjastuldur	341	295	394	330	64	19,3%
Kynferðisbrot	197	185	179	179	0	-0,2%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Tafla v22. Þróun á fjölda auðgunarbrot á höfuðborgarsvæðinu 2006-2009.

	2007	Fjöldi		Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
		2008	2009		Fjöldi	%
Þjófnaður	2.324	3.546	4.144	2.828	1.316	46,6%
Innbrot	1.882	2.195	2.883	1.992	891	44,7%
Rán	40	39	53	41	12	28,2%
Hylming	145	149	128	117	11	9,4%
Gripdeild	100	75	111	92	19	20,2%
Fjársvik	281	415	296	334	-38	-11,3%
Fjárdráttur	61	67	54	57	-3	-5,8%
Auðgunarbrot, annað	49	27	32	42	-10	-23,8%
Samtals	4.882	6.513	7.701	5.504	2.197	39,9%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Tafla v23. Þróun á fjölda kynferðisbrota á höfuðborgarsvæðinu 2006-2009.

	Fjöldi			Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009		Fjöldi	%
Nauðgun - þvingun (194.-195. gr.)	55	36	54	47	7	15,7%
Nauðgun - misneyting (196.-199. gr.)	12	13	17	15	2	13,3%
Kynferðisbrot gegn börnum	66	72	53	57	-4	-6,5%
Klám/barnaklám	25	20	9	19	-10	-52,6%
Vændi	6	2	7	4	3	90,9%
Sifjaspell (200. gr.)	6	11	12	7	5	63,6%
Kynferðisbrot, annað	27	31	27	31	-4	-12,9%
Samtals	197	185	179	179	0	-0,2%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Tafla v24. Þróun á fjölda ofbeldisbrota á höfuðborgarsvæðinu 2006-2009.

	Fjöldi			Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009		Fjöldi	%
Líkamsárás, minniháttar	781	625	532	688	-156	-22,7%
Líkamsárás, meiriháttar/stórfelld	111	103	114	115	-1	-1,2%
Líkamsárás, annað	30	50	33	34	-1	-3,9%
Manndráp	2	0	1	1		
Tilraun til manndráps	1	2	3	3		
Samtals	925	780	683	841	-158	-18,8%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Tafla v25. Þróun á fjölda eignaspjalla á höfuðborgarsvæðinu 2006-2009.

	Fjöldi			Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
	2007	2008	2009		Fjöldi	%
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	2.096	1.960	1.960	2.089	-129	-6,2%
- þar af rúðubrot	683	629	750	721	29	4,0%
- þar af veggjakrot	399	230	137	266	-129	-48,5%
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	36	38	34	38	-4	-11,3%
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	341	295	394	330	64	19,3%
Samtals	2.473	2.293	2.388	2.457	-69	-2,8%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Afbrot á höfuðborgarsvæðinu

Tafla v26. Þróun á fjölda fíkniefnabrota á höfuðborgarsvæðinu 2006-2009.

	2007	Fjöldi		Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
		2008	2009		Fjöldi	%
Varsla og meðferð						
ávana- og fíkniefna	1.083	678	500	991	-491	-49,5%
Sala og dreifing						
fíkniefna	68	70	47	60	-13	-22,1%
Flutningur fíkniefna						
milli landa	53	49	64	53	11	21,5%
Framleiðsla fíkniefna	20	37	156	23	133	588,2%
Ýmis fíkniefnabrot	62	71	39	67	-28	-41,8%
Samtals	1.286	905	806	1.194	-388	-32,5%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Tafla v27. Fjöldi brota (auðgunarbrot, eignaspjalla, fíkniefnabrot, kynferðisbrot, nytjastulda og ofbeldisbrot) eftir svæðum 2007-2009 og frávik frá meðaltali.

	2007	Fjöldi		Meðaltal '06-'08	Breyting frá '06-'08	
		2008	2009		Fjöldi	%
Lögreglustöð 1	2.311	2.552	2.664	2.102	562	26,7%
Laugardalur	909	1.087	1.068	884	184	20,8%
Háaleiti	760	755	917	689	228	33,1%
Hlíðar	642	710	679	529	150	28,4%
Lögreglustöð 2	1.151	1.202	1.454	1.104	350	31,7%
Hafnarfjörður	892	864	1.057	808	249	30,8%
Garðabær	228	297	364	266	98	36,7%
Álftanes	31	41	33	30	3	11,2%
Lögreglustöð 3	1.971	2.192	2.486	2.061	425	20,6%
Kópavogur	1.127	1.319	1.591	1.142	449	39,3%
Breiðholt	844	873	895	919	-24	-2,6%
Lögreglustöð 4	1.540	1.789	2.161	1.449	712	49,1%
Grafarvogur	742	824	883	649	234	36,0%
Árbær	472	534	696	478	218	45,6%
Grafarholt og						
Norðlingaholt	75	90	178	87	91	105,4%
Mosfellsbær,						
Kjalarnes og Kjós	251	341	404	235	169	71,7%
Lögreglustöð 5	2.458	2.757	2.843	2.400	443	18,5%
Miðborg	1.839	2.058	2.077	1.781	296	16,6%
Vesturbær	513	626	689	512	177	34,6%
Seltjarnarnes	106	73	77	107	-30	-28,0%

Skýring: Bláar tölur < -5%; Grænar tölur milli -5% og 0%; Rauðar tölur > 0% (sbr. markmið embættisins).

Lögreglustöðvar á höfuðborgarsvæðinu

Lögreglustöð 1
Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

Lögreglustöð 2
Flatahrauni 11
220 Hafnarfirði

Lögreglustöð 3
Dalvegi 18
200 Kópavogi

Lögreglustöð 4
Krókhálsi 5b
110 Reykjavík

Lögreglustöð 5
Hverfisgötu 113-115
150 Reykjavík

2010

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

• Hverfisgötu 113-115 • 150 Reykjavík

Sími 444 1000 • Fax: 444 1015 • www.lrh.is